4. Þá voru ávísaðir reikningar; 1° til Þorláks Pjeturssonar fyrir skólavörðuveginum 20 rdd. 2. Þorst. Kaupm. Jónssonar 10 rdd. 57 skk. fyrir afvísara á skólavörðuveginum, og 3° A. Arnarsyni fyrir hreinsun á rennunum og lindinni 2 rdd. 48 skk.

5. ~~Þá~~ Þá var Jóni Þórðarsyni falið á hendur umsjón með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarverkum frá 1. ágúst.
6. Þá var ákveðið að biðja bæjarfógeta um lista yfir, ~~hvenær~~ hvenær byggingunum á hverjum túnparti bæjarins væri úthlaupinn.

Síðan var fundi slitið.

M. Fridriksson, J. Guthmundsson, Thjohnsen, Jón Pjetursson.

Ár 1856 laugardaginn 9. d. ágústmánaðar áttu fulltrúarnir fund með sjer á vanalegum stað, og voru þeir þar allir nema landsyfirrjettardómari Jón Pjetursson.

1. Var þá fyrst stungið upp á, að rita bæjarfógetanum og biðja hann, að rita til "Bagerlauget" í Kaupmannahöfn með fyrirspurn um, hversu mikið brauð fáist úr 12 lpd af mjöli úr þurrkuðu rúgi, með því sá kvittur hefur lengi á leikið, að bakarinn eigi láti menn fá eins mikið úr tunnu hverri, og þeir eiga að fá, og var það samþykkt.

2. Því næst var Þorláki Pjeturssyni ávísaðir 2 rd. 24 sk úr bæjarsjóð fyrir ruðning á vegum.

Fundi slitið.

M. Fridriksson. J. Guthmundsson. Thjohnsen

Ár 1856 laugardaginn 23. d. ágústm. átti að vera reglulegur fundur með bæjarfulltrúunum, en með því enginn kom nema formaðurinn, varð ekkert úr fundinum.

M. Fridriksson.

Ár 1856, laugardaginn 30. d. ágústm. var af oddvita bæjarfulltrúanna ákveðinn fundur á vanalegum stað, og tíma, eptir áskorun tveggja fulltrúanna; kom oddviti og beið ½ tíma, en þegar þá enginn var kominn þótti honum eigi ástæða til að bíða lengur, og fór því heim aptur.

M. Fridriksson.

32

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1856, laugardaginn 6. dag septembermánaðar áttu fulltrúarnir fund með sjer á vanalegum stað og tíma, og voru þeir þar allir viðstaddir, nema tómthúsmaður Jón Þórðarson.

1. Var þá rætt um vegabætur, og gjört sú ákvörðun, að gjöra sem gæði, að bakarastígnum, Hákotsgötunni og Hlíðarhúsaveginum upp að túninu.

2. Þá var herra lögfr. Jóni Guðmundssyni falin á hendur umsjón með bæjarverkum um septembermánuð

3. Þá var Sig. Sigurðssyni ávísaðir 64 rdl. fyrir hreinsun á brunni hjá Th. Bjarnasyni.

Fundi slitið.

[struck through]Fridriksson. Guðmundsson Thomsen Jón Pjetursson.

Ár 1856, laugardaginn 27. d. septembermánaðar áttu fulltrúar bæjarins fund með sjer, og voru þeir þar allir, nema Jón Þórðarson, er hafði afsakað sig.

1. Var þá fyrst tekið til umræðu bónarbrjef Jóns Jónssonar á Rauðará um að fá helming af borguninni fyrir hestagöngu Englendinga á Kringlumýri, og kom fulltrúunum saman um, að láta honum eptir þriðjunginn, eða 48 rdl., enda þótt hann enga sönnun hafi komið með fyrir því, að hestarnir hafi gengið í Rauðarárlandi, til að komast hjá þrasi.

2. Var því næst tekið til umræðu brjef bæjarfóg. 18. sept. um bleytuna fyrir framan hús það, er [struck through]Madme Bagge hefur búið í, og um afvísara við [struck through]suð- [struck through]vestur horn á húsi prófessors P. Pjeturssonar, og kom fulltrúunum saman um að fallast á uppástungu bæjarfógeta, að bera ofan í götuna stærri möl, en þó eigi mjög mikið. En um afvísarana við hús prófessorsins kom þeim saman um, að svara á þá leið, að þeir eigi skilji í því, hvernig avísarar geti bægt burtu hestum frá húsi hans, því það yrði að vera skíðgarður, enda mundi gatan þá að öllu leyti takast af, og það geta fulltrúarnir eigi fallizt á að svo stöddu, enda getur það eigi verið skylda bæjarins að búa til skíðgarða í kring um hús manna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Þá var tekið til umræðu brjef bæjarfógeta 18. sept. um undirboðsþing á klakahöggi í vetur, og kom fulltrúunum saman um, að breyta skilmálunum að því leyti, að bætt verði í a hreinsun á rennum öllum frá undirboðsþinginu, eins og þær þá eru, og fylgir þar með, að taka úr öllum rennum og rennubörmunum allan grassvörð.

4. Þá ræddu fulltrúarnir um tilboð Jóns Ólafssonar, að búa til Hákotsgötuna fyrir 50 rdd. og samþykktu fulltrúarnir boð það, eins og það var, en þó með því skilyrði, að hann taki uppfyllinguna þar sem bæjarstjórnin segir honum, og hlaði ræsi yfir þvera götuna rjett við ~~hús~~ Jakobsens og Törgersens, og hafi gjört það verk, svo fljótt sem verður.

5. Þá var tekið til umræðu bón H. Erlendssonar, um að fá keypt túnblettinn á Mel mót sanngjarnri borgun, og kom fulltrúunum saman um, að rita H. Erlendssyni, hvort hann vilji heldur fá erfðafestu á blettinum fyrir sig og börn sín fyr 4 rdd. árlegt gjald, eða fá blettinn til fullkominnar eignar fyrir 6 rdd. árlegt gjald.

6. Þá voru ávísaðir yfirkennara B. Gunnlögsen fyrir mælingu og uppdrátt á Reykjavíkurlögsagnarumdæmi, og nýrunnum sjerstaklega 50 rdd og 2. Egli bókbindara Jónssyni 48 sk. fyrir pappír.

7. Þá var kaupmanni Th. Jónssyni falin á hendur umsjón með bæjarverkum næsta mánuð.

Fundi slitið.

H Kr Friðriksson S. Guðmundsson Thjohnsen. Jón Pjetursson

Laugardaginn 11. d. októberm. 1856 áttu fulltrúarnir fund með sjer, og ~~H.~~ en ~~J.~~ högfræð. S. Guðmundsson og assessor J. Pjetursson komu eigi.

1. Lagði forseti fram kvartalireikning ~~a~~ frá gjaldkera.

2. Var lagður fram reikningur frá E. Eiríkssyni fyrir gæzlu hans á vatnspóstunum, 28 rdd. og var hann ávísaður.

Fundi slitið

H Kr Friðriksson. Thjohnsen Þórðarson

Ár 1846, laugardaginn 25. dag októbermánaðar, áttu bæjarfulltrúar fund með sjer, og voru þeir þar allir, nema Th. Jónsson.

1. Var þá fyrst tekið til umræðu mál Hannesar Erlendssonar, að fá túnblettinn á Mel keyptan gegn 5rdd árlegu gjaldi, er hann hafði boðið í brjefi sínu 4. d. októberm. Þá, og ~~fulltrú~~ urðu fulltrúarnir allir á því, að mæla fram með því ~~með~~ við stjórnina, að hann fengi túnblettinn gegn þessu árlega gjaldi.

2. Þá var tekið til umræðu brjef hattasmiðs E. Hákonsens, dags. 11. sept., er bæjarfógeti hafði sent fulltrúunum með brjefi 11. þ. m., þarsem hann beiðist endurgjalds fyrir að hafa tekið í burtu skúr þann, sem stóð við suðurendann á húsi hans; kom fulltrúunum saman um, að rita fógeta á þá leið, að þeir enga ástæðu fyndi til þess, að borga fyrir þennan flutning, nema því að eins, að reins fengist af garðinum fyrir ofan húsið, þannig að gata yrði lögð upp að húsi Gísla snikkara Jónssonar, jafnbreið sundinu á milli húss Hákonsens og biskupsstofunnar, enda bæri brýna nauðsyn til þeirrar götu, og væri fógeti fulltrúunum samdóma um það, þá að biðja hann að ~~um~~ umgangast þessi kaup.

3. Þá var kaupm. H. St. Jónssyni ávísaðir 3rdd. 32. sk. úr bæjarsjóði fyrir sjúkrun hertrins næstl. vetur, en 1rd. 92 skk. fyrir aðgjörð~~ina~~ á grindunum með fram túni hans og lát ~~fyrir~~ klæðið hjá húsi frú Sveinbjörnsens gátu fulltrúarnir ekki ávísað. Enn fremur var Jóni Þórðarsyni ávísaðir, fyrir flutninginn á hjalli Vilborgar í Borgarabæ 9rdd.

Fundi slitið.
H. Friðriksson. O. Guðmundsson. J. Þórðarson. Jón Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1856 laugardaginn 15. nóvemberm. áttu fulltrúarnir fund með sjer, og voru þeir þar allir.

1. Var þá fyrst tekið til umræðu brjef bæjarfógeta 8. nóvemb. þar sem hann ber þá bón fram frá biskupinum, að hann fái að láni ókeypis vagna bæjarins til að flytja á uppfyllingu í gryfjurnar við hús hans. og samþykktu fulltrúar lán þetta, þá þegar bærinn eigi þyrfti á þeim að halda, og með því skilyrði, að ~~hann~~ biskupinn ábyrgist allar skemmdir á þeim. —

2. Þá var reikningur lagður fram frá M. Þorkelssyni uppá 1 rdl. fyrir vörð um nóttina, þegar eldr uppi kom uppí í mónum í Hansens, og fjellust fulltrúarnir á eptir málavöxtum að borga þennan 1 dal úr bæjarsjóði í þetta skipti, en rita fógeta með, að með því fulltrúar eigi geti betur sjeð, en slíkur vörður sje beinskylda eiganda, þá muni þeir eigi framvegis borga slíkt. —

3. Þá var lögfræðingi herra Jóni Guðmundssyni og assessor J. Pjeturssyni falið á hendur að gjöra uppkast til breytinga á bæjarmálefnatilskipuninni 27. nóv. 1846, og ~~að~~ að vera búnir með það uppkast um nýár.

4. Bæjarfógeti hafði munnlega tjáð frá því, að við niðurstandandi boðsþing hefði ~~verið~~ J. Þórðarson á Bjargi boðist til að takast á hendur snjómokstur á kirkjubrúnni fyrir 15 rdd., og gátu fulltrúarnir eigi samþykkt það boð.

Fundi slitið.

~~H.~~ Fridriksson. Jón Guðmundsson ~~Th. Johnsen~~ J. Þórðarson. Jón Pjetursson

Ár 1856, laugardaginn 29. d. nóvemberm. áttu fulltrúarnir fund með sjer, og voru þeir þar allir, nema kaupm. Th. Johnsen.

1. Þá var rætt um boð Jóns Þórðarsonar í Steinsholti með brjefi 20. þ. m., er bæjarfógeti hafði sent með brjefi 26. nóv. og beðið um álits fulltrúanna um, að taka að sjer snjómokstur á kirkjubrúnni fyrir 12 rdd., og samþykktu þeir það boð, enda þótt þeim þætti það heldur mikið, er því eigi fjekkst minna boð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Jóni Oddssyni voru ávísaðir 10 rdd. fyrir aðgjörðina á Hlíðarhúsaveginum.

3. Þá var lagður fram reikningur frá T. Finbogasyni, upp á 7 rdd. 88 sk., af þessu varðaði bæjarsjóðinn eigi um áhöld til að klappa steina við brunnana, 1 rd. 48.; eigi heldur þóttist fulltrúar geta að svo stöddu ~~g~~ ávísað 3 rdd. 48 sk. fyrir aðgjörð á sprautu Bjerings, ef hann annars setti hana, svo að eigi varð ávísað af þessum reikningi nema 2 rdd. 88 sk.

4. Jón Þórðarson tókst á hendur umsjón með bæjarverkum næsta mánuð.

Fundi slitið.

Friðriksson. Guðmundsson Jón Þórðarson Jón Pjetursson

Ár 1856 laugardaginn 13. d. desembermán. áttu fulltrúarnir fund með sjer, en eigi kom þar assessor J. Pjetursson.

1. Var þá lagt fram brjef bæjarfógeta 8. þ.m. með áætlun um þarfir fátækra næstkomandi ár, og hversu mikla auka-útsvari þurfi að jafna niður, og var ákveðið að rita bæjarfógeta á þá leið, að með því fulltrúunum þætti gjald það, sem ætlað er fátækum næsta ár, æði mikið, vonist þeir eptir, að hann verði útbúinn með nægar upplýsingar til fundar þess, er hann muni eiga með fulltrúunum um ~~bæjargjöld~~ áætlun um bæjargjöld yfir höfuð.

2. Því næst var lagt fram brjef frá bæjarfógeta 8. des. ásamt brjefi stiptamtmannsins 1. s.m. hvort nokkuð muni vera ~~þar~~ til fyrirstöðu útvísun þeirri, sem gjörð var 24. nóv. þ.á. til G. snikkara Jónssonar til hússtæðis á Stöðlakotstúni, og kom fulltrúunum saman um, að svara á þá leið, að ~~fyrst og fremst sje~~ enda þótt fulltrúarnir eigi hafi neitt á móti þessari útvísun í sjálfu sjer, þá virðist þeim þó athugavert, hvort að túnið sje sagt lausu til næstu fardaga, því að ef túninu eigi er sagt lausu, þá geti leiguliðinn átt kröfu til endurgjalds, sem fulltrúarnir eigi þykir ástæða til að leggja á bæjarsjóð, og verði því ef svo væri, að eiga við leiguliðann um þetta.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Þá var lagt fram brjef bæjarfógeta 29. nóvemb. með brjefi kaupmanns H. A. Johnsens 17. nóv., þar sem hann beiðist enn að nýju 60 skk. fyrir viðgjörð á grindunum við Hólakotsgryfjuna, og kom fulltrúunum saman um að ávísa þessum 60 skk; en láta þó bæjarfógeta jafnframt vita, að vilji velnefndur kaupmaður H. Johnsen framvegis fá nokkra borgun fyrir þesskonar viðgjörð, þá verði hann að segja til þess þegar og skemmdirnar verði, ella geti hann ekkert fengið.

4. Þá voru ávísaðir: Eiríki Eiríkssyni 2 rdd. fyrir að taka upp brenntrje úr tjörninni, og 1 rdd. til Einars Bjarnasonar á Kleppi fyrir hagagöngu bæjarhestsins ~~næsta~~ sumar. —

Fundi slitið

H. Kr. Fridriksson. J. Guðmundsson Thjohnsen Jón Þórðarson

Ár 1850, laugardaginn 20. d. desembermánaðar, áttu fulltrúarnir fund með sjer; en assessor J. Pjetursson kom ekki.

1. Var þá tekið til umræðu brjef bæjarfógeta, 17. desemb. þar sem hann spyr fulltrúana um, hvort þeir sjeu eigi honum samdóma, að kaupm. D. Thomsen eigi að fara frá, sem elzti fulltrúi, og biður þá að kjósa einn úr sínum flokki, samkvæmt tilsk. 27. nóv. 1846. § 9, til að taka þátt ásamt sjer og oddvitanum í samningu kjörskráarinnar. Voru allir fulltrúarnir samdóma bæjarfógeta í því, að D. Thomsen ætti að fara frá; en kusu lögfræðing J. Guðmundsson til að taka þátt í samningu kjörskráarinnar.

2. Þá voru ávísaðir þessir reikningar: til Egils bókb. Jónssonar, fyrir aðgjörðir á kortum yfir bæjarlandið, 5 rd. 32 sk. til W. Fischers 13 rdd fyrir við. – Til Jóns Ingimundarsonar 34 sk. fyrir að saga við. Til Vilborgar Jónsdóttur fyrir götustæðið um kálgarð hennar. 25 rdd. Til Jóns Ólafssonar fyrir tilbúning hinnar nýju götu vesturfrá húsi kaupm. Tærgesens. 50 rdd. Til H. Jónssonar fyrir ýmislegt 3 rdd.

Fundi slitið

H. Kr. Fridriksson. J. Guðmundsson Thjohnsen Jón Þórðarson

35

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 31. d. desembermán. 1856 áttu fulltrúarnir fund með sjer, en assessor J. Pjetursson mætti ekki.

1. Þá var tekið til umræðu brjef bæjarfógeta 17. desember um að leita samþykkis stiptamtmanns til að afmá af skuldalistanum ýmis gömul bæjargjöld ógoldin, að upphæð samtals 27rd 64sk., sem ófáanleg, og fjellust fulltrúarnir allir á það með því eigi svaraði kostnaði, að höfða mál gegn viðkomendum.

2. Þá var rætt bónarbrjef Runólfs í Arabæ 27. ágúst um eptirgjöf á bæjargjaldi hans 4rdd. 20sk. sökum heilsulasleika, og varð það ofan á, að honum væru gefnir eptir 2rd 20skk. Á hinn bóginn gátu þeir eigi fallist á, að Magnús Hafliðason væri að minnsta korti eptirgefið bæjargjöld hans, nema hann komi með ótækt skírteini fyrir því, að hann sje vinnumaður, og það því heldur, sem einn fulltrúanna hafði brjef, er sýndi, að hann eigi var vinnumaður.

3. Þá voru ávísaðir ~~með tveim~~ ýmsir reikningar, að upphæð samtals 43rdd. 37skk., er sjá má í útgjaldabók fulltrúanna. (þá sem hann sagðist vera vinnumaður)

4. Þá tókst kaupm. Th. Johnsen á hendur umsjón með bæjarverkum næsta mánuð.

Fundi slitið

~~M. Fridriksson~~. G. Guðmundsson Th. Johnsen Jón Þórðarson

Ár 1857, laugardaginn 17 d. janúarmánaðar, áttu fulltrúarnir fund með sjer, og voru þeir þar allir.

1. Var þá tekið til umræðu brjef bæjarfógeta 17. þ. m. um beiðni Eiríks Eiríkssonar í Melshúsum, í brjefi 12. s. m. að fá blett hjá bæ sínum ~~undir~~ til hjallstæðis og mókladastæðis, helst borgunarlaust, og kom bæjarfulltrúunum saman um, að svara á þá leið, að þeir eigi hefðu neitt á móti útmælingunni, með því móti, að hefndur Eiríkur borgaði 1rdd. árið fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10 ferhyrningsfadma, og að því skapi meir, sem blettur-inn yrði stærri, sem honum yrði útvísaður.

2. Því næst var tekið til umræðu brjef bæjarfógeta 12. jan. um brjef kaupm. herra D. Thomsens, s.d., um að hann áliti, ~~eina~~ að hann ætti að ~~halda~~ ~~fulltrúi sem~~ fulltrúa-sæti sínu enn þá eitt ár; voru ~~þeir~~ fulltrúarnir allir á sama máli og áður, að hann ætti að fara frá, en alleinasta Jón Pjetursson, sem eigi hafði rætt þetta mál fyr, áleit, að ~~ef~~ úr því hver fulltrúi eptir § 7. í bæjartilskipuninni að undanteknum þeim fyrst völdu, væri hann eigi valinn í staðinn annars, væri skyldur til að vera 6 ár fulltrúi, ef þess væri krafizt, eins ætti hann rjett á að vera það, ef hann heimtaði það; fullkomlega lík tilfelli hefðu eigi komið fyr fyrir, þar eð þeir, sem hingað til hafa farið frá, áu þess þó að hafa verið 6 ár, eigi hefðu krafizt að vera við, til þess 6 árin væru komin.

3. Þá var tekið brjef bæjarfógeta 16. janúar um brjef frá stud. Jól. Hákonsen í umboði foreldra hans, um það, að bæjarstjórnin gæti fengið leigju af kálgarði þeirra, með fram Bröttugötu fyrir 70 rdd.; en fulltrúarnir gátu með engu móti gengið að þeim kostum; en endurgjalds fyrir skúrinn út af fyrir sig sje alls eigi að sinna.

4. Þá var tekið til umræðu brjef frá bæjarfógeta 16. s.m. um brjef frá kaupm. Sørgensen um að fylla upp við ~~með~~ litla pakkhús hans aptur, ~~það~~ sem, þar tekið var ~~upp~~ í hina nýju götu. Kom fulltrúunum saman um, að svara á þá leið, að rennan sje þegar gjörð, nema hvað hún eigi sje hlaðin upp; og fulltrúarnir sjeu fúsir á, að ~~bæja~~ bæta það, eptir óvilhallra manna mati, svo framarlega, sem svo verði álitið, að jarðusli hafi verið gjörður á hans lóð, eða húsinu hans til nokkurs skaða.

5. Þá bar formaður upp, hvort kjósa skyldi nýjan formann á ~~þessum~~ þeim fundi, og voru fulltrúarnir á því, að sú kosning ætti að bíða, þar til búið væri að kjósa hinn nýja fulltrúa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eða útsjeð væri um korningu hans.

6, þá voru ávísaðir kaupmanni Th. Johnsen 2rd. fyrir tillög og smíðar við hinn nýja veg, og Helga snikkara Jóhnsyni 1rd. fyrir aðgjörð á sprautu.

Fundi slitið.

~~Th~~ Fridriksson. J. Guðmundsson Th. Johnsen Jón Þorðarson, Jón Pjetursson

Ár 1857, laugardaginn 7. dag Februarm. áttu fulltrúarnir fund með sjer, og voru þeir þar allir, nema tómthúsmanna fulltrúinn J. Þórðarson, sem var fjarverandi.

1. las forseti þá upp brjef frá bæjarfógetanum, 1 um það, að kostnaður sá, er leitt hefði af lögunum 15. apríl 1854, skyldi endurgjaldast bæjarsjóðnum, 2. svar lögreglustjórans í Kaupmannahöfn upp á brjef bæjarfóg. 14. sept. f. ár, um það, hversu mikið brauð fengist úr 12 lb af mjeli úr ~~eða~~ þurrkuðu rúgi. 3. brjef frá bæjarfóg. 3. þ. m., þar sem hann sendir áætlunina fyrir þetta ár með úrskurði stiptamtmanns um hana.

2. þá var tekið til umræðu brjef bæjarfógeta 3. febr. með brjefi frá etazr. Jónassen 15. d. januarm., þarsem hann býður fyrir hönd E. Hákonsens rein af kálgardi~~num~~ hans fyrir 30 ~~á~~ 40 rd., og varð það álit fulltrúanna, að ~~kaupa~~ ganga ætti að þessum kaupum fyrir 30 rdd. að þóknuninni fyrir skurðinn þar í fólginni, svo framarlega, sem ~~eigi~~ bæjarfógetinn áliti eigi hætt við, að bærinn ~~þyrfti~~ kynni að þurfa að borga það aptur til creditora Hákonsens, en án þess að setja nokkra girðingu fyrir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Þá var tekið til umræðu brjef bæjarfogeta 3. þ.m. ~~með~~
um bónarbrjef Einars Mikkara Jónssonar 6. f.m., um
að fá kálgarðsstæði hjá hinu nýja hússtæði inne
á Stöðlakotstúni, og var það álit fulltrúanna,
að yfirláta honum kálgarðsstæði, þannig að hann
borgaði 1 rdd. fyrir 16 □ faðma á ári, eða eptir því að tiltölu.

4. Þá var tekið til umræðu brjef bæjarf. 3. febrúar, þar sem
hann ~~beidi~~ skýrir frá úrskurði stiptamtmanns,
að unglingur sá, sem kominn sje á kosningar
fulltrúanna, skuli leiðrjettast þannig, að þegar þeir
fara frá, sem kosnir voru 1855, skuli kjósa fulltrúa
tómthúsmanna upp á 6 ár, en fulltrúa borgar-
anna upp á 2, og varð það álit meiri hlutans, að
leita úrskurðar stjórnarinnar í þessu máli.

5. Þá tók lögfræðingur J. Guðmundsson að sjer um-
sjón bæjarverka þennan mánuð. —

6. Forsetakosningu var þá enn slegið á frest, vegna þess, að
eigi voru allir fulltrúarnir við.

Fundi slitið.

H. Kr. Friðriksson J. Guðmundsson Thomsen Jón Pjetursson

Ár 1857, laugardaginn 14. dag febrúarm. áttu fulltrúar fund með sjer,
og voru þeir þar allir viðstaddir.

Var þá samkvæmt fyrirmælum tilsk. 27. d. nóvember-
mánaðar 1847, § 15 ~~að kjósa~~ kosinn sjer oddviti, og var hann
sami kosinn, sem áður var, skólakennari H. Friðriksson.
og til ~~forseta~~ varaforseta, einn og áður var, lögfræðingur J. Guðmundsson.

Þvínæst var fundi slitið

H. Kr. Friðriksson J. Guðmundsson Thomsen Jón Þórðarson, Jón Pjeturs-
son

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1857, laugardaginn 21. d. febrúarmánaðar áttu fulltrúar fund með sjer, og voru þeir þar allir viðstaddir.

Var þá tekið til umræðu brjef bæjarfógeta 19. d. febr. 1857, þar sem hann beiðist álits fulltrúanna um brjef tómthúsmannafulltrúans J. Þórðarsonar, 13. febrúar þar sem hann beiðist að leita lagfæringar á úrskurði stiptamtmanns á aðlininni, að því, er snertir þá 50 rdd., er bæjarsjóðurinn á að greiða af láni því, er hann tók hjá fátækrasjóðnum í fyrra. Kom fulltrúunum saman um, að svara á þá leið, að þeir væru tómthúsmannafulltrúanum samdóma með því líka, að þessi úrskurður stiptamtsins gæti leitt til þess, að timburhús ætti að vera laus við öll lán, sem bæjarsjóðurinn framvegis kynni að taka.

Þá bar kaupmaður P. Jónsson þá uppástungu fram, að rita bæjarfógeta og biðja hann, að skerast í leikinn og sjá um, að hestar eigi skundi sjer á götum bæjarins og hýma undir húsum, með öllum hirðingarlausir, sjeu annaðhvort hirtir af eigendunum, og látnir inn á nóttunni, en þeim, sem eigendur eigi gefi sig fram að, verði ráðstafað á þann hátt sem við á, og fjellust fulltrúarnir á uppástungu þessa.

Fundi slitið.

H. Fridriksson. Jón Guðmundsson. Thjohnsen. Jón Þórðarson. Jón Pjetursson.

Ár 1857, laugardaginn 21. dag marzmánaðar áttu fulltrúarnir fund með sjer, og voru þeir þar allir og gjaldkeri bæjarins, kaupm. C. Robb, og var þá jafnað niður bæjargjöldum á bæjarbúa, og var þeirri niðurjöfnun haldið áfram 25. d. s. m. og hún endað og undirskrifuð, og var þá jafnað niður alls 17,45 rdd. 77 sk.

2. Var eptir nákvæmari íhugun, ráðið af að svara brjefi bæjarfóget. 19. febrúar (sjá næsta fund á und.) á þá leið, að eigi mundi ástæða til, að

~~leita~~ fara fram á neina breytingu á úrskurði stiptamtsins í hinu umrædda máli.

~~Kristiansen~~ ~~Th. Guðmundsson~~ ~~Thomsen~~ Jón Pjetursson

Ár 1857, laugardaginn 28. d. marzm. áttu fulltrúar bæjarins fund með sjer.

1. Var þá tekið til umræðu brjef bæjarfógeta 27. marz, þar sem hann stingur upp á þeirri ákvörðun, að sprauturnar sjeu reyndar 3var á ári, milli 1.—31. maí, 1—24. júní, og milli 15. og 30. sept., og varði það 1 rd. 3 rdd. sekt fyrir slökkviliðsforingjann. og voru fulltrúarnir með öllu samdóma bæjarfógeta samdóma um uppástunguna þessa. Auk þess kom þeim saman um, að biðja fógeta að sjá um, að eptir reykháfum og ofnum ~~var~~ og ofnpípum væri litið á hverju hausti, að það væri allt í góðu lagi, og engin hætta geti af því risið, og þetta hafi farizt fyrir í haust.

2. Þá var tekið til umræðu brjef bæjarfóg. 27. marz út úr brjefi stiptamtmanns 12. s.m. um að bæjarstjórnin taki að sjer aðgjörð á kompu þeirri, er slökkvitólin eru í, og þótti fulltrúunum það svo sem sjálfsagt.

3. Þá var tekið til umræðu brjef bæjarfógeta 24. marz, þar sem hann skýrir frá, að justitiarius Jónassen hafi munnlega boðizt til að taka að sjer ~~tún~~ Ullarstofuspartinum fyrir 20 rdd. Rikk., og kom fulltrúunum saman um, að svara á þá leið, að þeir geti tekið þessu boði, en vilji ~~ekki~~ láta bjóða túnið upp.—

4. Þá var tekið til umræðu brjef bæjarfóg. 24. marz um bónarbrjef þeirra Sigurðar Einarssonar og Jóns Þórðarsonar um viðbót ~~fyrir~~ klakahögg og snjómokstur, við það, sem þeir höfðu tekið þessi verk að sjer fyrir í haust, hinn fyrri um 12 rdd. en hinn um 5 rdd., og kom fulltrúunum saman

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um, að svara á þá leið, að sökum kringumstæð-
anna þyki þeim ástæða til, að veita Guðna
Einarssyni 10rdd. og Jóni Þórðarsyni 3rdd.
en þá vilji þeir líka veita Hans Jónssyni í
Hliðarhúsum 2rdd., er hafði snjómokstur
á Austurstræti. —
5. Þá var formanninum ávísaðir 3rdd. 48sk.

Síðan var fundi slitið.

Fridriksson. Gudmandsen Thomsen. Jón Pjetursson.

Ár 1857, 25. d. aprílm. áttu fulltrúarnir fund með sjer
en eigi komu þeir þar allir. ~~Egilsson, Gudmandsen og~~ assessor J. Pjetursson.

1. Var þá talað um vegabætur, og var þá ákveðið í fyrsta lagi, að gjöra við bakarastiginn upp að ~~hú~~ austurhorni á húsi assessors J. Pjeturssonar, og svo ryðja veginn þaðan inn að Fossvogi og gjöra við Fossvogsbrúna, þar sem þess þarf við. 2. að gjöra götuna frá hinni nýju götu upp að Hákoti og niður undir Hákonarbæ; 3. að gjöra við rennubrettin; en fremur að bjóða upp brúargjörðina vestur frá Mel; og rita bæjarfógeta um að halda undirboð á þessum verkum, þegar fulltrúarnir væru nákomnir búnir að skoða þessa vegi.
2. Þá voru ávísaðir reikningar til E. Þórðarsonar fyrir prentun á kvittunarblöðum og pappír 1rdd. 77sk. og til Jóns Þórðarsonar á Steinsholti fyrir snjómokstur 7rdd. —

Fundi slitið.

Fridriksson. Gudmandsen Thomsen Jón Þórðarson. Jón Pjetursson

Ár 1857, laugardaginn 2. d. maímánaðar áttu fulltrúarnir fund með sjer; en assessor Jón Pjetursson kom ekki
1. Var þá jafnað niður á nokkra menn, sem ~~eiga~~ fulltrúar hafa fengið vitneskju um síðan, að niðurjöfnunin var gjörð, frá bæjarfógeta, að hafa fengið leyfi til að setjast hjer að í bænum, eða setjast niður sem tómthúsmenn.
2. var þá rætt bónarbrjef frá Eiríki Eiríkssyni um að fá niðursett borgun fyrir svæði það, sem honum var útvísað 29. f. m. eptir beiðni hans í brjefi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann 17. ~~janúar~~ desember (sjá fund 17 janúar þ.á.), er hann beiddist að mega fá fyrir 48 skk., og ~~kom fulltrúunum~~ varð meiri hlutinn á því, að fallast á þessa borgun, og að Magnús Þorkelsson fengi sitt verð fyrir 1rdd., með þeim skilyrðum, sem byggingarnefndin hefur sett, nefnilega að það sje [?] innan maí-mánaðarloka.

3. Þá var ávísaður reikningur 24 skk. fyrir grjót til reparation á bakarastiginum.

Fundi slitið
~~H.~~ Fridriksson. Ó. Gudmundsson. Kr. Johnsen. Jón Þórdarson

Árið 1857, laugardaginn 30. d. maim. áttu fulltrúarnir fund með sjer, en lögfræð. J. Gudmundsson og assessor J. Petursson afsökuðu sig.

1, Var þá rætt brjef bæjarfóg. 19. þ.m., þar sem hann beiðist álits fulltrúanna, hvort nokkuð mæli á móti því, að Árni Bjarnason fái lóðarviðbót þá, sem byggingarnefndin hafi lofað honum, og höfðu fulltrúarnir ekkert á móti því.

2. Brjef bæjarfógeta 19. þ.m. með brjefi Helga Jónssonar 4. maí, þar sem hann fyrir hönd ekkju Valgerðar Björnsdóttur, biður um, að hún fái leyfi til að flytja kálgarð sinn niður á við, og komu fulltrúarnir sjer saman um, að gefa henni leyfið, til að flytja kálgarð sinn niður á við jafnt kálgarðinum fyrir neðan hennar garð, þó svo, að hún geti komið sjer saman við túnleigandann sem nú á er, ef hún vill auka garðinn nú í ár, án þess bærinn missi nokk[?]

3. Brjef bæjarfógeta 19. maí með umkvörtunar brjefum yfir túnleigunni þeirra A. Hallgrímssonar og H. Schevings, ~~og um~~ bæjargjald þeirra, og komu fulltrúarnir sjer saman um, að eigi væru ástæður til að ~~breyta~~ lækka gjald þeirra.

4, Brjef bæjarfógeta 19. maí þ.á. með brjefi 1. Jóns Árnasonar í Stöðlakoti, þar sem hann kvartar yfir bæjargjaldi sínu, og biður um lækkun á því, og kom fulltrúunum saman um, að svara á þá leið, að þeir eigi fyndu ástæðu til að lækka þetta gjald, og auk þess hefði hann komið með bónarbrjefið ofseint. 2. Frá Kristjáni Guðlögssyni, þar sem hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bidur um eptirgjöf á bæjargjaldi sínu þetta árið þar eð hann flytji burt, en hafi borgað bæjargjald það ár, er hann fór frá Steinsen, og kom fulltrúunum saman um, að svara á þá leið, að geti hann sannað það, að hafi hann borgað fullt bæjargjald fyrir fyrsta árið, þá þyki þeim ástæða til, að gefa honum upp þetta árs gjald, en annars að eins helming þess, eða til 30 skk.

5) þá var rætt brjef bæjarfógeta 19. maí með brjefi þeirra Sn. Benidiktsens og J. Jónssen 15. maí, þar sem þeir beidast ofanálags þess, sem gjörst var ofan á Brekkuna með fram tjörninni og garðinum með henni, og var þeim ávísað þeim 10 rdd.

6) þá var J. lögfræðingi Guðmundssyni falið á hendur umsjón með bæjarverkum næsta mánuð.

Fundi slitið.

~~MM Fridriksson Thyhmen~~ Jón Þórðarson

Ár 1857, 13. dag Sjöunda mánaðar, áttu fulltrúarnir fund með sjer, en landsyfirrjettardómari J. Pjetursson ~~og lögfræðingur J. Guðmundsson~~ kom eigi, og hafði honum þó verið tilkynnt.

1. Var þá tekið til umræðu brjef bæjarfógeta 13. júní, með brjefi Árg. Finnbogasonar frá 2. þ.m., þar sem hann beiðist að Frammeringum mætti leyfast að taka upp mó upp í Kaplaskjólinu eins og í fyrra, alls 5 mönnum, og var það álit fulltrúanna, að leggja það í þetta, fyrir sömu borgun og í fyrra, þó með því skilyrði, að þeir takiu upp ~~í sem næst í bakkanum~~ að orðið gæti, eneigi uppi í mýrinni, með því ~~og stæði Árgeir~~ ~~bæði á upptektinni og borguninni~~ sjettast væri sem allra fyrst, að friða kaplaskjólið, til þess að þar með tímanum gæti orðið móupptak aptur, og skyldi Árgeir ~~st~~ hafa ábyrgð bæði á upptektinni og borguninni.

2. Brjef bæjarfógeta s.d. um tilmæli þeirra, sem umsjón eiga að hafa með pottinum á Klöpp, sjá þann 16. þ.m. að mega nota timbrið úr pottinum til að búa úr því kvíar við nefndan pott, og kom fulltrúunum saman um að svara á þá leið, að þeir, ~~fyrir sitt leyti~~ að því leyti, sem það geti álitist á fulltrúanna valdi, að leyfa slíkt, eigi hefðu neitt á móti því, þó svo, að þeir sem nota það, eigi skemmdu það.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Brjef bæjarfógeta 13. júní um beidni Jakobs snikkara Sveinssonar í brjefi 27. d. maím. þ. á., að mega fá ávísað til eignar svo sem 20 álna bil fyrir sunnan hús Grundtvigs milli tjarnarinnar og garðsins, og kom fulltrúunum saman um að svara á þá leið, að þeir eigi hefðu neitt á móti því, ~~ef gee~~ ef hann gæti komið sjer saman við þá núverandi leigendur um þann bára tíma, sem leigumáli þeirra stendur, en borgaði bæjarsjóð ~~sömu leigu að ti~~ úr því 2 rdd. ár hvert í afgjald.

4. Brjef bæjarfógeta 13. júní. með brjefi stiptamtsins 6. þ. m. um að veita Hendrichsen eptirlaun af bæjarsjóð, þar hann annars mundi falla sveitinni til byrðar, og var það afráðið, að láta það ~~mál~~ bíða.

5. Þá var tekið til umræðu brjef bæjarfógeta 19. maí þ. á. með brjefi Laugarnesseiganda 4. maí, þar sem þeir gefa leyfi til að laugahúsið ~~með~~ yrði byggt upp gegn 25 rdd. árlegu eptirgjaldi, og kom fulltrúunum saman um, að svara á þá leið, að ~~eptir kringumstæðunum~~ þykki fulltrúunum leigan of há, til þess að þeir geti gengið að ~~þ~~ henni, ~~eptir því~~ sem nú er ástatt.

6. Því næst voru ávísaðir reikningar: stúdent J. Árnasyni 2 rd. 72 s, faktor W. Fischer 2 rd. 82 skk. og Guðna Einarssyni 20 rdd.

7. Var ákveðið að rita stiptamtmanni ítrekun bæjarfógeta um ~~vegg~~ aðgjörðina á bakarastígnum út úr því, að hann hefur látið nauðsynlega í ljósi, að hann eigi gæti fallist á aðferðina, með því garði hans yrði hætta búin. —

Fundi slitið.

~~H.~~ Friðriksson. J. Guðmundsson Thorsteinsen Jón Þórðarson

Ár 1857, þriðjudaginn 23. d. júnímánaðar, áttu fulltrúar Reykjavíkur fund með sjer, til að ræða um brjef sýslumanns Baumanns, dags. 20. þ. m., þar sem hann skorar á bæjarfógeta, að einn af fulltrúunum yrði viðstaddur landamerkjaáreið þá, sem hann ætlar að gjöra 26. þ. m. á Rauðará, til að ~~afgr~~ tiltaka landamerki millum Reykjavíkur og nefndrar jarðar, og kom fulltrúunum saman um, sem þar voru, að svara á þá leið, að þeir eigi þættust skyldir eða vilja mæta ~~við þessari~~ áreiðargjörð, þar sem hún væri eigi gjörð af hlut-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

adeigandi bæjarfógeta, og en yrðu jafnframt að lýsa því yfir, að þeir eigi gætu annað álitið, en að slík áreiðargjörð alls engan bindandi kraft geti haft fyrir Reykjavíkurbæ. –

Fundi slitið.

~~HH~~ Fridriksson. Thjohnsen Jón Þórðarson

Ár 1857, 25. dag júlím. áttu fulltrúarnir fund með sjer í vanalegum stað, og voru þar allir nema assessor Jón Pjetursson.

1. Var þá rætt um tilboð Jóns Ingimundarsonar um viðgjörð á nokkrum rennum bæjarins, og kom fulltrúunum saman um, að taka boði hans um klubbrennuna og amtsrennuna fyrir 46 rdd. báðar, en með því fylgir líka, að flytja ruslið sem upp úr kemur, ~~og grjótið allt flutt~~ ~~og grjót það, sem eigi verður notað til annars~~, suður í tjarnarvikið hjá Teiti, eða annað, og grjótið allt, á einn stað, sem ákvaðið yrði og reka bæjarfógeta um þetta.

2. Þá voru ávísaðir E. Siemsen fyrir aðgjörð á sprautuhúsinu 2rd. 72 skk., H. Fridrikssyni fyrir skrifstofu 2rdd, Jóni Þórðarsyni fyrir vinnu 5 rdd. –

Fundi slitið

~~HH~~ Fridriksson. Gr. Guðmundsson Thjohnsen Jón Þórðarson

Ár 1857 laugardaginn 22. dag ágústmánaðar, áttu fulltrúar Reykjavíkurbæjar fund með sjer, en landsyfirrjettardómari Jón Pjetursson kom ekki á fundinn.

1. Þá var fyrst rætt brjef bæjarfógeta 13. júní þ. á. með brjefi stiptamtmanns 6. s. m. um eptirlaun handa lögregluþjóni Henrichsen, og kom fulltrúunum saman um að svara á þá leið, að ~~fulltrúarnir~~ þeir alls eigi fengndu neina ástæðu til, að veita honum eptirlaun af bæjarsjóði, þar sem hann eigi hefði haft laun úr honum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

medan hann var hjer; enda ~~fyndist~~ gæti þeim ~~tæni~~ eigi betur skilizt
að hann ætti beina heimtingu til eptirlauna ~~eptir~~ ~~ept~~
af rikissjóðnum, samkvæmt eptirlaunalögunum
5. januar 1851, 1. gr. —

2. Þá var rætt brjef bæjarfógeta 26. júní þ. á. með brjefi Guðjóns Jónssonar 26. s. m., þar sem hann beiðist eptirgjafar á bæjargjaldi inu, með því hann hafi verið á Grafarkoti í Mosfellshrepp undanfarið ár; en fulltrúarnir komu saman um, að svara þannig, að þeir alls eigi fyndu ástæðu til, að gefa honum eptir bæjargjald sitt, þar sem hann nú sjálfur játaði, að hann væri fluttur í Reykjavíkurumdæmi, enda hefði hann undanfarið ár verið að mestu hjer í bænum.

3. Þá var rætt um bónarbrjef Egils bókb. Jónssonar 18. júní þ. á., þar sem biður um útmælda lóð fyrir vestan hús sitt 15 álna breitt, en jafnlanga húsinu, og varð nú niðurstaðan, að svara því, að bæjarstjórninni fyndi það af ýmsum ástæðum ísjárvert, og gæti því eigi fallizt á það að svo komnu.

4. Brjef frá Torfa söðlasmið Steinssyni um lóð sunnan frá svæði því, er Jakob mikkarar var útvísað 30 álnir á lengd, og komu fulltrúarnir saman um, að láta hann fá svæðið með sömu kjörum og Jakob Sveinsson, eða fyrir 3 rd. gjald ár hvert, en hann yrði að koma sjer saman um það við leigendurna um þann 5 ár, sem þeir hafa leigt ~~það~~ brekkuna.

5. kaupm. Th. Johnsen útvísaðir 5 rd. 32 skk.

Fundi slitið.

HKrFriðriksson. Guðmundsson Thjohnsen Jón Þórðarson

41

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1857, laugardaginn 12. dag septembers, ~~[illegible]~~ áttu bæjarfulltrúarnir fund með sjer, en ásessor Jón Pjetursson kom ekki.

1. Var þá rætt brjef frá Egli bókbindara Jónssyni, dags. 14. d. águstm., er bæjarfógeti hafði send með brjefi dags. 11. þ. m., og beiðst álits um bón Egils, að mega fá útvísaðan blett í brekkunni, neðan frá því er söðlasmiður T. Steinsen hefur um beðið, 30 álnir fyrir neðan til norðurs og kom fulltrúunum saman um, að svara á þá leið, að hann mætti fá blettinn, gegn sömu borgun að tiltölu og Torfa Steinsen var áskilið, við það eptir ferhyrningsmáli, og yrði hann jafnframt að koma sjer saman um svæðið við leigendurna, meðan þeirra leigutími stendur.

2. Því næst var rætt brjef frá bæjarfógeta 11. september, þar sem biður um álits fulltrúanna um brjef tómthúsmanns J. Árnasonar á Stöðlakoti til stiptamtsins dags. 21. júní þ. á., um að fá ~~[illegible]~~ niðursett bæjargjald sitt, og kom fulltrúunum saman um, að svara þannig, að þeir eigi finni ástæður til að niðursetja bæjargjald hans, því að þeir menn, sem hann hefur nefnt til í brjefi sínu, hafa ónæga fram að færa, og ýmsar þær ástæður ~~að~~ rangt væri að leggja meira gjald á þá, sem gjört er og enda þótt, að bæjarstjórninni hefði orðið það, að leggja of lítið gjald á Guðmund ~~G~~ Guðmundsson á Vigfúsarkoti, eptir því sem ráða mætti af atvikum, er komið hafa í ljós, síðan niðurjöfnunin var gjörð, leiðir eigi þar af, að hinum sje settur of hátt; ~~[illegible]~~ auk þess hefur Lárus haft atvinnu í prentsmiðjunni síðan í byrjun júlím., og yfir höfuð sýndi það sig, að hann þolir þetta útsvar, þar sem hann eigi þarf að vinna, nema hvað hann var sjálfa vetrarvertíðina.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Þá var rætt ~~ám~~ viðgjörð á hverj rennunum í Aðalstr. og með fram húsi Torgesens, og kom fulltrúunum saman um að láta gjöra við þessar rennur, og setja, brett yfir, og jafnframt, rita bæjarfógeta um, að sjá til, að húseigendur settu grindur ~~af~~ í rennustokkana, er liggja út úr húsunum, svo að eigi geti runnið nema vatn rennið út í aðalræsið.

4. Þá tók Jón Þórðarson að sjer umsjón með bæjarverkum þennan mánuðinn.

5. Því næst voru reikningar ávísaðir, Helga Miklasonarsyni, 13 rdd, 7 skk., fyrir ýmislega vinnu í bæjarins þarfir, og Jónasi Helgasyni 3 rd. 62 skk., fyrir smíðar við rennubretti.

6. Þá var ákveðið að ~~láta~~ hreinsa lækinn.

Fundi slitið.

H. Kr. Friðriksson. Ó. Guðmundsson Thomsen Jón Þórðarson

Laugardaginn 10. dag októberm. 1857 áttu fulltrúarnir fund með sjer, en eigi mættu þeir assessor Jón Pjetursson og tómthúsmaður Jón Þórðarson.

1. Þá var fyrst tekið til umræðu brjef frá bæjarfógeta dagsett 28. d. septemberm. þ. á. með brjefi frá Alex. Árnasyni dags. 1. dag ágústm., þar sem hann spyr, hvort honum eigi beri hlutdeild í þeim 10 rd., sem ætlaðir eru til einkennarklæðnaðar fyrir lögregluþjónana, og rönnleiðir þeim 10 rd., sem ætlaðir eru fyrir sendiferðir, og kom fulltrúunum saman um, að svara á þá leið, að þeir álíti, að Alexíusi beri peningarnir af ~~fr~~ReiningunumFyrir einkennisbúninginn til þess hinn nýi kom, en úr því verði þeir að fela bæjarfógetanum á hendur að öllu leyti að ~~fr~~skipta þeim peningum millum lögregluþjónanna; en peningarnir fyrir sendiferðirnar telja þeir að beri þorst. Bjarnasyni einum; því að ~~fulltrúarnir~~ hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefur farið allar sendiferðir fyrir í þeirra
þarfir, og er þeim eigi heldur annað kunn-
ugt, en að hann sömuleiðis hafi farið
allar sendiferðir fyrir bæjargjaldker-
ann, eins og vjer framvegis ætlum að
nota hann einn, meðan hann er
lögregluþjónn, og verðum því að áskilja
honum einum þá 10 rdd., sem ætlaðir eru
fyrir sendiferðir í þarfir fulltrúanna
og gjaldkerans; líka hefur hann einn
passað bæjarþingstofuna, þegar fulltrú-
arnir hafa haldið þar fundi, og lagt þar
í ofn.

2. Þá var rætt brjef frá próf. Ólafi Pálssyni, dags. 10. okt.
sent af bæjarfóg. með brjefi dags. s. d., þar sem hann
skýrir frá, að hann ætli að leggja rennu meðfram
húsi sínu að vestan og meðfram suðurgaflinum,
og biður um, að bæjarstjórnin láti þá gjöra
áframhaldið yfir þvera götuna á kostnað
bæjarsjóðs, og kom fulltrúunum saman um,
að svara á þá leið, að þeir væru fúsir á, að
láta gjöra rennu yfir þvera götuna, en jafn-
framt að skora á bæjarfógeta, að sjá um, að
renna verði gjörð frá landsyfirrjettarhús-
inu yfir í rennu þá, sem prófasturinn
lætur gjöra, eptir samkomulagi við hann.

3. Þá var rætt brjef frá söðlasmið T. Steinssyni 9. okt.
sent með brjefi bæjarfógeta dags. í dag, um að hlaða
upp stjett meðfram norðurgafli á húsi
hans, sem hafi verið rifin í burtu und-
ir umsjón Jóns prentara, og kom fulltrú-
unum saman um að svara á þá leið, að þeir
reyndar ekkert viti um loforð Jóns prent-
ara, og áliti sig ekki skuldbundna við það,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

meðan einginn sönnun komi fyrir því, en
með því þetta sje í aðalstræti, þá finni þeir bænum
skylt, að klaða rennunna beggja vegna, og því
vilji þeir verða við tilmælum T. Steinssonar.

4. Þá var rætt brjef frá bæjarfógeta, dags. 10. oktober,
með hverju fylgdi brjef frá snikkara Jak. Sveins-
syni, sem biður um 20 álna í brekkunni fyrir ofan grunn sinn viðbót við það
sem hann hefði áður fengið, og annað frá
þeim bókb. E. Jónssyni og T. Steinssyni, er
afsala sjer það stykki, er þeir höfðu beiðst um,
nema því að eins að þeir fengju bæði ~~stykkin~~
svæðin fyrir 3rd, eða helmingi minna, en
Fulltrúarnir höfðu sett upp á það.
Fulltrúunum kom saman um að svara
á þá leið, að með því þeir með engu móti
gæti gengið að þeim kostum, er þeir ~~höfðu~~
Egill og Torfi höfðu boðið, og því álitu að þeir
að öllu hefðu afsalað sjer þetta svæði, væru
þeir fúsir á að láta Jakob Sveinsson fá þá
20 álna viðbót, er hann beiddist, fyrir
2rd, eða allt svæðið fyrir 4rd., en hann yrði
eins sem áður að koma sjer saman
við leigendurna, meðan þeirra leigutími
stæði.

5. Þá var afráðið að skora á bæjarfógeta, að sjá
um, að láta flytja ösku þá, er safnast hefur
saman í efri hluta öskuhaugsins suður hjá
sjörinni niður í fjöruna, og hefur snikkari
Oddur Guðjónsson boðist til, að sjá um
burtflutninginn og að þangað væri eigi
borið framvegis.

6. Þá var umsjón með bæjarverkum í oktob.
falin á hendur assessor J. Pjeturssyni

Fundi slitið.

H. Kr. Friðriksson. G. Guðmundsson Thomsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1857, 24. oktobr áttu bæjarfulltrúarnir fund með sér, og voru allir mættir.

Bæjarfógetinn tilkynnti fulltrúunum að hinn nýkosni bæjarfulltrúi kaupmaðr M. M. Johnsen hefði ofnent það heiti sem í bæjarst. tilsk. 1846, § 13, er fyrir skipað. — Hinn nýi bæjarfulltrúi var nú á fundi.

Þá var tekið til umræðu bónarbréf 21. þ. mán. frá Jóni Þórðarsyni í Steinsholti um að fá greidda úr bæjarsjóði uppí hin umsömdu verkalaun fyrir að leggja hinn nýja veg ~~snið~~ fyrir austan Brædraborg; eptir því sem fulltrúunum er kunnugt um hvað verki þessu er lángt komið, virtist rétt að ávísa honum nú úr bæjarsjóði — 20rd, og var svo gjört.

Þar næst var lagt fram bréf frá bæjarfógeta ~~m~~ dags. í dag, um árangurinn af opinberu undirboði í gær á klakkhöggi og snjómokstri o. fl. frá ~~næsta~~ yfirstandandi vetrnóttum, og er borið undir bæjarfulltrúana hvort þeir vili samþykkja hin gjörðu boð: Útaf þessu kom bæjarfulltrúunum ásamt að samþykkja

a – Boð Jóns Þórðarsonar, í Steinsholti, í snjómokstr og klakhögg í lækinum, ásamt umsjón vatnsbólin, í hin næsta 5 ár, 48rd árlega

b – Boð Jóns Árnasonar í snjómokstr með framgarði professor P. Pjeturssonar og í kirkjubrúnni, fyrir hið yfirstandandi ár, 14rd, þó með þeim beina skilyrði, að h bjóðandi sé að halda uppi snjómokstri á sveðunni austan frá kirkjunni og uppí að skólabrúnni

Þarí móti kom fulltrúunum ásamt að samþykkja ekki boðið í snjómokstrinum á austrstræti, heldur ~~þá~~ ~~(?)~~ bæjarfógetann um að regna nýtt uppboð á þeim snjómokstr

fyrir miðjan næsta mánuð, svo framarlega að ekki fengist einhver þess leiga undir það það er aðgengilegt þótti, frá einhverjum einstökum manni áður uppboð.

Fram var lögð ágripsreikningr bæjargjald-kerans fyrir tímabilið 1. júlí – 30. sept. 1857, og syndi þessi reikningr að af þ. árs bæjargjöldum stæði enn ólokin 1188 rd 81 sk var afráðið að rita bæjarfógeta og biðja hann stuðla til um að gjöldin næðist inn hið allra bráðasta.

Þá var afráðið að fá hjá stiptamtinu leyfi til að hafa 2 næturverði frá nestkomandi nýári, og voru þeir Jón Guðmundsson og M. St. Johnsen kosnir til að semja frumvarp til bréfs þaraðlútandi fyrir næsta fund, og að þar skyldi taka greinilega fram hvernig skipta skuli bænum á milli beggja næturvarðanna.

Að síðustu var enn fremur ávísað úr bæjarsjóði:

Til Magnúsar Þorkelssonar fyrir ruðning 1 rd 92 sk
— sama fyrir viðgjörð á vagnmöndli 1 – „
— Hans Jónssonar í Klúbbnum fyrir aðgjörð á þvörrennunum ... 3 – 64

Fundi slitið

M. Fridriksson. J. Guðmundsson. Th. Johnsen. Jón Þórðarson. Jón Pétursson
H. Johnsen

Ár 1857, laugardaginn 7. d. nóvemberm. áttu fulltrúarnir fund með sjer, og komu þar allir nema assessor J. Pétursson.

1. Var þá fyrst rætt um viðgjörð á Aðalstræti, og borgunina fyrir hana, og kom fulltrúunum saman um, að ~~láta~~ borga 8 skildinga fyrir hvern vagn, er fluttur er ofan í strætið, og sömuleiðis að láta gjöra við götuna austan verð við hús Þorsteins Jónssonar, og lofaði hann að annast um þá viðgjörð, sem best gengi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sömuleiðis kom þeim saman um, að ganga að boði
því, að fylla upp bakarastíginn fyrir 24 skildinga hvern
faðm, austur fyrir húsi Egils Hallgrímssonar,
er Skapti Skaptason hafði lofað að umgangast.

2. þá voru reikningar ávísaðir: Jóni Sigmundarsyni
3rd. 64 skk. fyrir tilbúning á rennu yfir Lækjargötu,
Guðna Einarssyni 10rd., er eptir stóðu af því, er hann
átti að fá fyrir klakahögg í rennunum og lækunum hérumliðið ár
Geir Zoëga 1rd. 88 skk. fyrir rúður í sprautuhúsið.
Hannesi Johnsen 6rd. 28 skk. fyrir bæjarhestinn.
Enn fremur Snæbirni Benidiktsen og Jónasi Jón-
~~assen~~ assen 10rdd sem ofanálög ofan á brekkuna
fyrir vestan tjörnina.

3. þá var ~~kaupmanni~~ H. St. Johnsen falið á hendur
umsjón með bæjarverkum þennan mánuðinn.

4. Lögfræðingur J. Guðmundsson og H. St. Johnsen
afhentu uppkast það, er þeim var falið á
hendur að semja á síðasta fundi til stiptamt-
mannsins um nýjan næturvörð.

Síðan var fundi slitið.

~~[illegible]~~ Friðriksson. HStJohnsen Jón Guðmundsson ~~[illegible]~~

Ár 1857, laugardaginn 21. dag nóvembermánaðar áttu fulltrú-
arnir fund með sjer, og voru þeir þar allir

1. var þá rætt um uppkast það til brjefs til stiptamtmannsins
um nýjan næturvörð, og var það samþykkt, og afráðið að
~~nota~~ senda það bæjarfógeta, og biðja ~~til þess~~, hann ~~gjöra svo~~ að senda það ~~um~~
~~það álit sitt~~ stiptamtmanni, ásamt áliti sínu.

2. því næst var rætt um brjef frá Magnúsi Þorkelssyni,
dagsett í dag, þar sem hann býðst til að taka
að sjer Bröttugötu og götuna frá húsi Gísla snikkara
og norður að nýju götunni fyrir hundrað dali,
og vera búinn í lok maímánaðar næsta vor, með því
að taka grjótgarð þann, sem er fyrir vestan kálgarð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einars Hákonssonar og Einari Sæmundssonar, og fengi hann hálfa borgunina, þegar verkið væri hálfnað, en hinn helminginn, þegar allt verkið væri búið, og kom fulltrúunum saman um að fallast á þetta boð, ef eigi væri annað boð minna gjört, en áskilja bæjarstjórninni nákvæmari ákvarðanir um fyrirkomulagið, og rita um þetta mál bæjarfógetanum.

3. Þá var kaupmanni H. Johnsen ávísaðir 3rd. 8skk. fyrir göturplötur v.s.frv.

Fundi slitið.

M. Fríðriksson Th. Johnsen Jón Þórðarson H. Johnsen

Ár 1857, laugardaginn 12 dag desembermánaðar áttu fulltrúarnir fund með sjer, en tómthúsmannafulltrúi Jón Þórðarson kom ekki. –

1. Var þá ~~bor~~ lesið upp brjef frá bæjarfógeta, dagsett hinn 11. þ.m., þar sem hann tilkynnir, að stiptamtið hafi lagt samþykki á aðgjörðir byggingarnefndarinnar 28. f.m., um ~~viðgjörð~~ stefnu og viðgjörð Götuhúsastígs, ~~en~~ en getur þess jafnframt, að hann voni, eptir, að bæjarstjórnin láti að minnsta kosti jafnframt gjöra við ~~Götuhús~~ Kirkjubrúna, sem samþykki amtsins þegar var fengið til 26. oktob. 1857, og beiðist bæjarfógeti álits fulltrúanna um það, og kom fulltrúunum saman um, að svara á þá leið, ~~að þeir~~, að þeir eigi sjeu neitt á móti því, að taka hvorttveggja verkið jafnframt, ~~það er að segja~~ eða, að láta gjöra við Kirkjubrúna á næstkomanda vori.

2. Var lögð fram áætlun frá fátækranefndinni, hversu mikið þyrfti að jafna niður á bæjar~~búa~~ til fátækra, byrjir verða að nefnil. 76 rd. 48 skk., og kom fulltrúunum saman um, að ~~biðja~~ fá á áætlunarfundi þeim, sem haldinn mun verða við lok þessa árs, yfirlit yfir útgjöld fátækra þetta árið, til að sjá, hvort nokkuð yrði ~~af~~ í sjóði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Þá var lesið upp brjef bæjarfógeta 10. d. septemb. þar sem hann tilkynnir úrskurð stiptamtsins 30. júlí þ. á, viðvíkjandi því, að kaupmaður D. Thomsen ætti að víkja fulltrúastarfi sínu, og hafði stiptamtmaður ~~...~~ reynt fógeta úrskurð þennan með brjefi 21. d. júlím. þ. á.

4. Þá var lesið upp brjef bæjarfógeta 11. þ. m., þar sem hann skorar á fulltrúana, að kjósa mann úr sínum flokki, til að taka þátt ásamt sjer og oddvita fulltrúanna í samningu kjörskrárinnar við kosningu hins nýja fulltrúa eptir nýárið og var til þess kosinn lögfræðingur J. Guðmundsson.

5. Þá var lesið brjef bæjarfógeta 4. þ. m., þar sem hann tilkynnir fulltrúunum, að hann hafi veitt Þórði Torfasyni á Neti og Halld. Magnússyni í Krísivík leyfi til aðseturs hjer í bænum, gegn því, að þeir gjaldi 3 rdd. á ári í stöðuhússmanna toll auk reglulegra bæjargjalda.

6. Þá var ~~lagt~~ tekið til umræðu brjef bæjarfógeta 4. d. þ. m. með brjefi frá bókbindara E. Jónssyni og söðlasmið J. Steinssyni, dags. 18. nóv. þ. á. þar sem þeir biðja um, að bæjarstjórnin láti gjöra skurð á sinn kostnað úr Tjarnarenda og í skurð þann, er þeir hafi gjört við mógrafir sínar, og í öðru lagi, að þeir fái sneiðarendann af brekkunni við Tjörnina, 40 álnir frá norðri til suðurs, millum tjarnarinnar og kirkjugarðsvegarins, og kom fulltrúunum saman um, að þeim þætti það vel tilfallið, að ~~freida fyrir~~ verða við uppástungu beiðendanna með skurð þann, er þeir mældust til, eptir því, sem ~~betr~~ hentast þætti þegar sjá mætti, hvernig skurðinum skyldi haga, sem eigi mundi verða fyrr en jörð þiðnaði í vor, ~~...~~ að vísu þeim þóknun en uppástungu bæjarfógeta, að víkja til að falla til úr bæjarsjóði gátu fulltrúarnir alls enga ástæðu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ið; eigi gátu heldur fulltrúarnir gengið að boði þeirra,
3 rdd. árlegu gjaldi fyrir suðurendann á brekkunni, því að
þeir gætu eigi selt það stykki fyrir minna; en Jakob ~~ta~~
mikkari hefði fengið fyrir norðurendann eptir flata
máli svæðisins, en þó ~~hið~~ var assessor Jón Pjetursson þeirrar
7. meiningar, að áður enn þessu boði væri hafnað, ~~hefði~~
~~átt~~ að spyrja leigendur brekkunnar, hversu mikla linun
þeir vildu hafa í leigunni fyrir að afstanda þetta
svæði.

7. Skýrði forseti frá því, að bæjarfógeti hefði sent honum
tilboð Laugarnesseiganda, ~~að~~ selja honum útgjörð
Laugarness og Klepps, en honum hafi eigi þótt við
eiga, að leggja það bréf undir atkvæði fulltrúanna,
með því fjórir þeirra ~~sjeu~~ væru eigendur, og hafi því
sent brjefið bæjarfógeta aptur til frekari ráðstöf-
unar.

8. Þá voru söðlasmið T. Steinsyni ávísaðir 4 rdd. 8 skk.,
en reikning~~ar~~ þeim, er Jón Ingimundarson hafði
sent, 40 skk., fyrir að moka úr rennum þeim, er
koma upp úr rennu þeirri, er hann bjó til
yfir Lækjargötu, gátu fulltrúarnir eigi ávísað,
því að það verk hefði verið fólgið í rennugjörðinni.

Fundi slitið.

~~M. Fridriksson~~. G. Guðmundsson. Thorstensen Jón Pjetursson. ~~M.~~ Johnsen

~~Þrið~~ Ár 1857 þriðjudaginn 29. dag desemberm. áttu
fulltrúarnir fund með sjer, en ~~eigi komu~~ assessor
Jón Pjetursson kom eigi. –

1. Var þá lagt fram brjef frá bæjarfógeta dags. 18. þ. m., þar
sem hann skýrir frá, að stiptamtmaðurinn með brjefi
15. s. m. hafi ritað sjer, að hann eigi geti samþykkt
að nýr næturvörður verði settur, og kom fulltrúunum saman
um, að rita bæjarfógeta aptur, og spyrja hann fyrir, að hve
miklu leyti lögregluþjónarnir muni skyldir eða fáan-
legir til, að hafa göngur og eptirlit um bæinn til kl. 11 á
kvöldin, og jafnframt fyrir ekki neitt skjóta málefninu með fyrsta
póstskipsferð til lögstjórnarráðsins, og biðja um, að nýr næturvörður
~~ss~~ settur um sinn tíma árs, sem nákvæmar verður til-
tekinn, það minnsta kosti.

46

2. þá var tekið til umræðu brjef stiptamtmanns 15. desember, þar sem hann felur bæjarstjórninni að íhuga, hvort hún geti ekki veitt Símoni Sveinssyni launaviðbót, eptir beiðni hans í brjefi 12. d. desembermán., og kom fulltrúunum saman um, að vara þannig við, að enda þótt launin væru lítil, væru þau engan veginn minni, en þegar hann fjekk þetta starf, og hvort sem launin sjeu lítil eða mikil, verða fulltrúarnir að álíta það mál bæjarsjóð með öllu óviðkomandi, en einungis kirkjunni og forstöðumönnum hennar.

3. því næst var rætt bónarbrjef Jóns Þórðarsonar á Steinsholti um 12 rdl. viðbót uppí Bráðræðir veginn, og kom fulltrúunum saman um, eigi að veita þetta viðbót, en láta hann heldur fá 20 rdl. uppí borgunina fyrir hreinsunina á rennunum um þetta ár.

4. þá voru ávísaðir ýmsir reikningar, samtals 63 rdl. 18 sk.

5. þá var herra lögfr. Jóni Guðmundssyni falin á hendur umsjón með bæjarverkum næsta januarmánuð.

Fundi slitið

H. Kr. Friðriksson Guðmundsson Thorsteinson
Jón Þórðarson Th. Johnsen

Laugardaginn 16. dag januarmánaðar 1858 áttu fulltrúarnir fund með sjer, og voru þeir þar allir, nema bæjarfulltrúinn Jón Þórðarson.
því næst var gengið til forsetakosningar, og var til þess kosinn skólakennari H. Kr. Friðriksson, og til varavaldvita Jón Guðmundsson
Enn fremur voru ávísaðir reikningar þessir: Til Oddis Hedtjohnsens 7 rdl., til Guðni Jóhannesson fyrir aðgjörð á kirkjuúrinu 4 rd. 16 sk., til Jóns Sigfússonar 5 rdl., til prentsmiðj. fyrir prentun á bæjarreikningum 5 rd. 5 sk.

Fundi slitið.

H. Kr. Friðriksson. Guðmundsson Jón Pjetursson Th. Johnsen Thorsteinson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1858, laugardaginn hinn 30. dag janúarm. áttu fulltrúarnir fund með sjer, og voru þeir allir ~~fulltrúarnir~~ við.

1. var þá lesinn upp úrskurður stiptamtsins 17. októb. þ. á. viðvíkjandi bæjarreikningunum, og önnuðist [illegible] samþykki stiptamtsins á áætluninni fyrir þetta.

2. Þá var tekið til umræðu brjef bakarans 7. jan. þ. á. með brjefi bæjarfóg. dags. í dag, þar sem bakarinn biður um, að sjer verði útvísaður vegur til að fara með vagn um yfir holtið, og voru fulltrúarnir allir einhuga á, að hann fengi leyfi til að leggja veginn, hvar sem honum þætti haganlegast.

3. Þá var ~~talað um~~ skýrt frá, að stiptamtmaðurinn hefði úrskurðað, að láta kosningu endurskoðara bæjarreikninganna bíða til vorsins.

4. Þá var tekið til umræðu umkvörtun L. Schevings um bæjargjald útt árið sem leið, með því hann hefði goldið til Álptaneshrepps, og kom fulltrúunum saman um, að svara á þá leið, að þeir eigi gætu fallist á eptirgjöfina, með því líka að hann hefði eigi borgað til Álptaneshrepps nema til fardaga 1857, og auk þess kæmi þetta svo langt til of seint.

5. Þá var tekið til umræðu brjef frá sýslumanni Baumann dags. 20. þ. m., þar sem hann beiðist, að Reykjavíkurbær borgi að þriðjungi aðgjörðina á Elliðavatnsveginum í sumar, er var 5 rd. 72 sk., og kom fulltrúunum saman um, að borga þessa peninga í þetta skipti, en geta þess jafnframt, að það væri hvorttveggja að reikningur þessi væri hærri en að undanförnu, sem voru 12 rdl. um nokkur undanfarin ár, enda væri það almennt sagt, að aðgjörð þessi hefði verið næsta lítilfjörleg og lakari en fyr, og ætti bærinn framvegis að taka þátt í ~~þeim~~ kostnaði þessar aðgjörðar, yrði ~~hann~~ sýslumaðurinn að sjá um, að ~~eigi~~ aðgjörðin yrði góð og forsvaranleg, og ekki dýrri en að undanförnu og jafnframt yrði bæjarstjórnin að óska þess, að aðgjörð þessi yrði boðin upp á manntalsþinginu.

47

6. Þá var tekið til umræðu brjef frá fulltrúa tómthúsmannanna ~~fulltrúanum~~ J. Þórðarsyni, um að tómthúsmönnunum eigi verði leyft

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ad setjast hjer ad tukthúsverkmannahúsi eda tómthúsmannslóð,
og kom fulltrúunum saman um, ad ~~svara~~ senda
brjef þetta til bæjarfógeta, með áskorun um, að ~~sjá~~ [hann skyldi] um,
ad ~~þeir einir sæti~~ ~~engir þeir setjist hjer at, er~~ að eins
feitir utanbæjarmenn setjist hjer ad, nema þeir ~~þegar áður~~
~~sjeu~~ [að þekktir] reglumenn og duglegir,
~~hafi sýnt það í verki, að þeir sjeu~~
og því varúðarverðara er ad leyfa mörgum hjer inngöngu, ~~og~~
því nauðsynlegra, ad rýma þeim í burtu, sem nú eru hjer, en hafa eigi unnið
hjer þótt, en líkur út fyrir ad verði sveitinni til þyngsla, þegar
framlíðast stundir, sem nú liggur í augum uppi,
að ~~þar sem~~ öll lífsbjörg verður að verða
miklu dýrri en að undanförnu, sökum hörmunga
þess, sem nú verður hjer í sveitunum, og menn
því venju fremur munu sækja að sjónum.
7. Þá voru ávísaðir: [sál.] Fischer 7 rd. fyrir planka, og Hans Jóns-
syni í Hlíðarhúsum 3 rd. 24 sk. fyrir ofaníburð í Aðalstræti.
8. Þá var ávísuð J. Péturssyni falin á hendur umsjón
með bæjarverkum næsta mánuð.

Fundi slitið.

~~M.~~ Fridriksson. ~~G.~~ Gudmundsson Jón Þórdarson
Jón Pjetursson ~~H. Johnsen~~ H. Johnsen

Laugardaginn 13. dag ~~januarmánaðar~~ februarmánaðar 1858 áttu fulltrúarnir fund með sjer, og voru þeir þar allir, nema J. Þórðarson.

1. ~~Var þá ávísað reikningum til 4 rd. 36 sk. til E. Siemsens fyrir tillag til sprautanna.~~

Lagði varaoddviti, ~~bæjarfógetinn~~ J. Gudmundsson fram ~~hafi eigi viljað [illegible]~~
brjef til oddvita, ~~það~~ dagsett í dag, ~~[illegible]~~ sem hann skorar á hann, að
segja af sjer oddvitadæminu, og kvaðst oddviti
mundi svara því brjefi hið allrabráðasta; sökum
þess, að hann eigi hafi viljað taka til umræðu
á fundi brjef Laugarnesseigandans 13. nóvember
~~þótt~~ en bæjarfógetinn hafði sent honum og 4 fullt-
rúa í brjefi 31. januarii, hafði beðið um fund
um, eptir að bæjarfógetinn hafði beðið um
sjerstaklegt álit þeirra, og kvaðst forseti mundu
svara því hið bráðasta, en gæti eigi afráðað
sjer frá oddvitadæminu að svo stöddu, en e[f] þetta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Fundi slitið,~~
var upp lesið, kvaðst varaforseti ~~[illegible]~~ engan correspondence um það vilja hafa framar og mundi eigi koma á fund framar, meðan sami væri oddvitinn, og gengu þeir frá þeim fundi, ~~[illegible]~~ varaoddvitinn, kaupm. Th. Johnsen og kaupm. H. St. Johnsen, og neituðu þeir að skrifa undir protokollinn.

~~[illegible]~~ Eiriksson. Jón Pjetursson

Laugardaginn 27. dag marzmánaðar áttu fulltrúarnir fund með sjer ~~og me~~ eptir fundarbrjefi forseta frá í gær, og komu þeir þar á fundinn kaupm. H. St. Johnsen, og lögfræðingur ~~[illegible]~~ Jón Guðmundsson, og landyfirrjettard. J. Pjetursson.

1. Las forseti þá fyrst upp brjef ~~[illegible]~~ bæjarfógeta dags. 20. þ. m., þar sem hann tilkynnir ~~[illegible]~~ 19. s. m. um [illegible] oddvita 15. þ. m.

2. Þá var samþykkt áskorun bæjarfógeta kosinn lögfræðingur J. Guðmundsson til að taka þátt í sameiginlegri skrifstofu ... arinnar við kosningu endurskoðara bæjarreikninganna.

3. Þá var tekið til umræðu brjef bæjarfógeta 24. marz þ. á., þar sem hann spyr um álit fulltrúanna um að bjóða upp Stöðlakots og Skálholtskots-túnin, og þar með fylgjandi brjef frá W. Fischer og Jóni Arnasyni, um að mega fá túnin að leigu fyrir sama verð og áður, og kom fulltrúunum saman um, að svara á þá leið, að þeir teldu sjálfsagt að bjóða upp túnin, en að eins um 1 ár, þar eð þeim þætti ráðlegast að reyna að selja það til eignar.

4. Þá var tekið til umræðu brjef bæjarfógeta 24. marz þ. á., með umkvörtun Magnúsar Hafliðasonar yfir bæjargjaldi sínu 1856 og 1857, og kom fulltrúunum saman um, að svara því, að þeir eigi geti mælt með neinni eptirgjöf þar eð alls engin skírteini sjeu fyrir því, að hann hafi verið vinnumaður 1857, og hitt sje orðið svo gamalt, að þeir eigi geti neitt við það átt, og enda eigi fullnaðar skírteini fyrir fyrra árið.

5. Þá tókst herra kaupm. H. St. Johnsen að sjer umsjón með bæjarverkum í aprílmánuði.

48

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Þá voru reikningar ávísaðir: Jóni Þórðarsyni í Steinsholti 2 rd. 48 sk., kaupm. L. Siemsen 4 rd. 36 sk. og Joh. snikkara Jónssyni 1 rd. 40 sk. –

7. Brjef Ólafs Ólafssonar á Vegamótum um útmæling til hans var ákveðið að skjóta á frest til næsta fundar, að þeir fulltrúar væru við, er voru í byggingarnefndinni. –

Fundi slitið

~~H.~~ Fridriksson. O. Guðmundsson Jón Pjetursson ~~H.~~ Sigfus Johnsen

Ár 1858, þriðjudaginn 6. dag aprílm. áttu fulltrúar Reykjavíkurbæjar fund með sjer, en eigi komu þar landsyfirrjettardómari J. Pjetursson og kaupm. H. Sigfussen. –

1. Þá var fyrst lokið við niðurjöfnun bæjargjalda á bæjarbúa fyrir árið 1858, og hún undirskrifuð.

2. Þá voru lesin ~~upp~~ og ~~samþykt~~ undirskrifuð tvö brjef til bæjarfógeta, annað um uppboð á Stöðlakoti og Skálholtskotstúni, og hitt um umkvörtun Magnúsar Hafliðasyni yfir bæjargjaldi sínu 1856 og 1857.

Fundi slitið

~~H.~~ Fridriksson. O. Guðmundsson Jón Þorðarson Thykhausen

Ár 1858, laugardaginn 10. dag aprílm. ~~1858~~, áttu fulltrúar Reykjavíkurbæjar fund með sjer, en á fundinn komu eigi ~~sá~~ ~~assessor J. Pjetursson og~~ tómthúsmannafulltrúi J. Þórðarson.

Var þá fyrirtekin umkvörtun Ólafs Ólafssonar á Vegamótum til amtsins, dags. 25. dag janúarm. þ. á., út úr því, að ~~það svæði~~ sem honum var útvísað 8. októb. 1856, ~~þar sem~~ ~~sjer~~ hann ætti að miðla það svæði eptir 2 ára tíð.

Kom fulltrúunum saman um, að svara á þá leið, að þeim þætti það útgjört með skýrslu byggingarnefndar, að Ólafi hafi eigi verið útvísað þetta svæði nema ~~einungis~~ til 2 ára, enda þætti fulltrúunum engin ástæða til að breyta því. En þeir gæti eigi heldur sjeð, að byggingarnefnd hafi vald til, að útvísa svæði fyrir utan hina eiginlegu kaupstaðarlóð, endurgjaldslaust, og svæði fyrir bönd bæjarins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

öldungis að mótmæla slíkum útvísunum, nema með samþykki fulltrúanefndarinnar.

2. Þá var rætt brjef frá landlækni J. Hjaltalín dags. 6. apr. um að fá svæði útvísað til kálgarðs vestan fram með tjörninni ~~sunnan við~~ syðst, við Melkotstún, 36 álnir frá suðri til norðurs, og kom fulltrúunum saman um, að rita bæjarfógeta á þá leið, að þeir eigi hefðu neitt á móti þessari útvísan, ~~ef hann~~ en þó með því skilyrði, að ~~hann~~ landlæknirinn ~~borgaði~~ svaraði árlegt eptirgjald að tiltölu eptir stærðinni og Jakob Sveinsson borgaði fyrir það svæði, sem hann hefði fengið við hús Grundtvigs; en það væri svo sem sjálfsagt, að hann yrði að koma sjer saman við leigendann um þann 4. ára tíma, sem eptir væri af leigutímanum.

3. Þá var ~~Fundi slitið~~ Jóni Þórðarsyni á Steinsholti ávísaðir 20 rdd. uppí snjómokstur.

4. Þá var ákveðið, að rita bæjarfógeta, að þinglýsa öllu því, er einhver tollur eða band væri lagt á einhverja eignanna í bæ, og láta bóka það í realregistrinu.

Fundi slitið.

~~H. Friðriksson~~ Ó. Guðmundsson Jón Pjetursson, ~~H. St. Johnsen~~ H. Johnsen

Ár 1858, ~~laugardaginn~~ þriðjudaginn 13. apríl, áttu fulltrúarnir fund með sjer.

Var þá rætt um, hvort bjóða ætti upp á leigu Dómkirkjustaðatúnið, er leigutíminn var út runninn, og voru fulltrúarnir einhuga á því, að bjóða túnið upp til 4 ára, þar eð leigutíma ~~ann~~ hinna túnanna þar hjá væru 4 ár eptir, svo að betra skipulag yrði komið á skiptingu túnanna, er öll túnin væru laus í senn.

Fundi slitið.

~~H. Friðriksson~~ Ó. Guðmundsson ~~H. St. Johnsen~~ H. Johnsen

1858 Laugardaginn 24. dag aprílm. ~~B~~ áttu bæjarfulltrúarnir fund með sjer á vanalegum stað, en kaupm. M. Johnsen kom ekki.

1. Þá var rætt um bónarbrjef frá Einari snikkara Jónssyni dags. 17. apríl um að fá útvísaða spildu af Stöðlakotstúninu, fyrir austan og ofan hús hans, til kálgarðsstæðis, og kom fulltrúunum saman um, að svara á þá leið, að

49

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeir eigi hefðu neitt á móti ávísun þessari gegn sömu árlegu borgun að tiltölu eptir flatarmáli, sem Jakob in... ari Sveinsson og landlæknir Hjaltalín borguðu fyrir þau svæði, sem þeim hefði verið á vísað.

2. Þá var rætt um brjef bæjarfógeta dags. þ.m., þar sem hann spyr um, hvort fulltrúarnir vilji samþykkja boð þau sem boðin voru í túnin bæjarins, nefnil. Biskupstofutúnið 22 rdd. 92 skk. W. Fischer, Skálholtskotstúnið 40 rdd. Einar múrari; og Stöðlakotstúnið 14 rdd. 16 skk. Einar snikkari Jónsson, og töldu fulltrúarnir sjálfsagt að samþykkja boð þau.

3. Þá var rætt um bónarbrjef frá Jóni Þórðarsyni í Steinsholti dags. 22. þ.m., þarsem hann biður um 5 rdd. viðbót við það, sem hann hafði áður fengið, upp í verkalaun sín við Brúarædisbrúna, og kom fulltrúunum saman um, að ~~neita~~ ávísa þessa 5 rdd. með því skilyrði að hann undirgengist að vera búinn með brúna innan maímánaðarloka.

4. Þá var ákveðið að halda fund næsta laugardag 1. d. maím. til að ræða um vegagjörðir.

5. Þá var lagt fram brjef frá stiptsyfirvöldunum dags. 3. þ.m. um barnaskólann, og kom fulltrúunum saman um allir, áður en mál þetta væri tekið til umræðu, að fá afskript af brjefi stiptsyfirvaldanna til stjórnarinnar.

Þá var fundi slitið.

H.Kr.Friðriksson. Ó. Guðmundsson Jón Þórðarson Jón Pjetursson
V.Schulesen

Ár 1858, laugardaginn 1. dag maímánaðar áttu fulltrúar Reykjavíkurbæjar fund með sjer.

1. Var þá rætt um vegabætur þær, sem gjöra þyrfti á komandi sumri, og var ákveðið að rita bæjarfógeta til, og biðja hann að bjóða upp við undirboð, 1. aðgjörðina á veginum frá gatnamótunum við Vegamót og inn að Fossvogsbrúnni, þannig að öllum steinum sje kastað úr götunni, og fyllt upp, þar sem holur eru komnar, ~~auk~~ eins á brúnni hjerna ~~megin~~ við Öskjuhlíð, eins og annarsstaðar. 2. uppfylling á öllum ~~lautum~~ og holum á Fossvogsbrúnni, og laga hana að öðru leyti;

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar sem [laga] þarf. 3. þá var ákvedið að rita bæjarfógeta á þá leið, að með því fulltrúarnir sjáum fram á, að Brúttugata og Götuhúsastígur eigi verður búinn innan þess tíma, sem ákvedinn var í brjefi fulltrúanna 28 nóvemberm. 1857, þá að hann þó sjái um, að verk þetta verði svo snemma byrjað, að það verði búið innan loka ágústm., og vilji Magnús Þorkelsson eigi ganga að þeim kostum, þá að bjóða verkið upp. 4. þá að bjóða upp aðgjörð á Bakarastígnum upp að Vegamótum. Enn þá að bjóða upp viðgjörðina á Kirkjubrúnni og fylla upp vilpuna niður að kálgarði Zöegas. 5. að skora á bæjarfógeta, að sjá um að slori og öllum óþverra eigi verði kastað í rennur bæjarins, sem þó eigi sjer stað í rennunni í Tjarnargötu og víðar.

2. þá var rætt brjef bæjarfógeta 24. april þ. á., þar sem hann mótmælir því, að útvísun til Jörgens Guðmundssonar verð kippt upp, og sömuleiðis stingur uppá, að gjald þess konar lóðar verði ákveðið í alnum, og fjellust fulltrúarnir á riðarnarstrið og að gjald fyrir svæði það, sem útvísað var Ólafi skyldi vera 6 álnir, reiknaðar eptir meðalverði allra meðalverða í hverri árs verðlagsskrá. En hvað Jörgen snertir, rjeðu fulltrúarnir af, að rita fógeta á þá leið, að enda þótt vegagjörðin alls eigi átt sjer, til þess að fría hann frá lóðartolli, þá vilji þeir þó eigi rifta því sem gjört sje í því efni.

3. þá var ákvedið, að láta barnaskólamálið ganga á milli fulltrúanna.

4. þá var kaupmanni M. Johnsen falin á hendur umsjón með bæjarverkum í maímánuði.

Fundi slitið

Fridriksson. P. Guðmundsson. Jón Þórðarson. Jón Pjetursson

M. Johnsen M. Johnsen

Ár 1858, laugard. 22. maí kallaði formaður fulltrúanna þá til fundar með boðsbrjefi, sama dag, og átti fundurinn að vera Kl. 5. e. m.; formaðurinn kom á rjettum tíma, og beið 1 stund; en enginn kom, og gekk þá formaðurinn burt aptur.

Fridriksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1858, ~~Þriðjudaginn~~ Fimtudaginn 27. dag maim., áttu fulltrúarnir fund
með sjer á vanalegum stað, og mættu þeir þar allir nema
tómthúsmannafulltrúinn J. Þórðarson.

1. Bar þá formaðurinn upp, að rita bæjarfógeta um, að sjá
um, að fá keyptar núna í sumar í Kaupmannahöfn
lúkter svo sem 20 tals, með því aldrei væri við að búast,
að fá þær við jafngóðu verði eins og nú, með því þær
yrðu eldar þar hvort sem væri, er Gasbelysning væri
ákomin, og ~~urðu meiri klatinn~~ fulltrúarnir fyrir því, að
rita bæjarfógeta ~~á þá tíð~~ um, að sjá um kaupin
en þó mætti verðið eigi vera hærra, en hæsta lagi
2–3 rdd. fyrir hverja.

2. Þá var farið undir fulltrúana boð þau, sem gjörð
voru hinn 26. d. p. m. í ýmsar vegagjörðir, og hafði
Þorl. Pjetursson boðist til að ~~gj~~ ryðja veginum frá
Gatnamótunum og inn að ~~Fossvogsbrúnni~~ fyrir
8 rdd. 64 skk, og taka það sjer aðgjörðina á Fossvogsbrúnni fyrir
26. rdd. 64 skk., en Einar Hákonarson hafði boðið
að gjöra að Kirkjubrúnni fyrir 20 rdd., eptir
nákvæmari ákvörðun bæjarstjórnarinnar, hvernig
viðgjörðinni skyldi haga, og kom fulltrúunum saman
um, að samþykkja bæði boð Þorláks Pjeturssonar,
en taka þó ~~not~~ fram, að hann yrði ~~nákvæmlega~~
vandlega að fylla upp Fossvogsbrúna, svo að ald-
stoðar verði byggður á, og laga skeiðina, þar sem
þess þyrfti við. Sömuleiðis að samþykkja boð Hákonsens, og
þann byrja á rennunni.

3. Þá kom fulltrúunum saman um, að semja við
Þorl. Pjetursson að viðhalda skólavörðuveginum
fyrir 5 rdd. á ári, og hamla mönnum frá að reiða hann.

4. Þá var tekið til umræðu brjef frá H. Erlendssyni, þar
sem hann beiðist ~~varð~~ segist sjer lengist eptir svari upp
á brjef sitt frá 4. októb. 1856, um að fá keyptan
túnblettinn að Mel, og var ákveðið, að rita bæjarfógeta
á þá leið, að ~~bæjarfóg~~ fulltrúarnir samþykktu
boð H. Erlendssonar, 5 rdd. árlegt gjald, ef hann fengi
blettinn til eignar, enda væri dráttur orðinn
mikill á máli þessu, að óskiljanlegt væri.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Þá var lagt fram brjef frá Helga snikkara Jónssyni, dags. 27. d. þ. m., um að fá viðból við garð sinn að rettan verðu afgjaldslaust, og kom fulltrúunum saman um, að rita bæjarfógeta á þá leið, að þeir eigi hefðu neitt á móti því, að Helgi veri útvísaður viðauki þessi, gegn 32 sk. árlegu gjaldi, en hann yrði sjálfsagt að venja við leiguliðann þetta ár og fyrir hennar hönd

6. Þá var ákveðið, að láta ryðja veginn inn að Rauðará eptir því sem bezt yrði við komizt.

7. Þá voru Jóni Sigurðssyni ávísaðir 7rd. 48 sk. fyrir snjómokstur á Aðalstrætis götu í vetur, og formanninum 5rdl. 24 sk. fyrir skriptir í bæjarþarfir.

8. Þá var ákveðið, að J. Þórðarson taki að sjer umsjón með bæjarverkum í júnímánuði.

Fundi slitið.
Guðmundsson Jón Pjetursson ~~H~~ Thorsteinsson
~~H~~Fridriksson

Ár 1858, laugardaginn 12. dag júnímánaðar áttu fulltrúar Reykjavíkurbæjar fund með sjer, og voru þeir þar allir viðstaddir.

1. Var þá rætt brjef frá Egli bókbindara Jónssyni og söðlasmið Torfa Steinssyni, dags. 26. maí, þar sem þeir senda reikning fyrir skurðargröpt í Vatnsmýri 23rd. með umsjón sinni, og kom fulltrúunum saman um, að senda beiðendunum reikning sinn aptur og skora á þá, að senda reglulegan reikning yfir verk þetta, hversu mörg dagsverk, og hversu mikið fyrir hvern dag til hvers manns, og hverjir þeir hefðu verið, og jafnframt tryggist bæjarstjórninni eigi til, að leggja meira fje til þetta árið.

2. Þá var rætt brjef frá Ólafi Norðfjörð, dags. 25. d. maí, þar sem hann kvartar yfir útgjaldi sínu, þar sem hann sje hjú móður sinnar, og kom fulltrúunum saman um, að svara á þá leið, að með því fulltrúarnir þykist hafa útvegið næga sönnun fyrir því, að hann sje hjú, þá hafi þeir ekkert á móti því, að hann fái eptirgjöf útsvari síns. ~~þetta~~

3. Þá var rætt brjef frá Sk. Skaptasyni, þar sem hann biður um, að Jörgen Guðmundssyni verði leyft, að flytja grjót á vagni eptir Skólavörðuveginum, til þess að honum yrði hættara, að búa til steinhús í stað torf-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

húss, og kom fulltrúunum saman um, að rita bæjar-
fógeta á þá leið, að þeir vegna kringumstæðanna vildu
leyfa þetta, með því skilyrði, að Jörgen búi til steinstéttirnar
og hann flytji grjót til þá, þegar vegurinn sje þur, og að hann
ábyrgist allar skemmdir, sem af keyrslunni kunna að leiða.
4. Þá var rætt brjef frá Bernhöft, þar sem hann biður
um, að mega flytja neðri stólpana á skólavörðuveginum
svo sem 3 á 4 álnir upp eptir, og kom fulltrúunum
saman um, að leyfa það að sínu leyti; en Bern-
höft yrði sjálfur að kosta flutninginn.
5. Þá var Jóni Þórðarsyni bæjarfulltrúa ávísaðir 8 rdd. fyrir vegaruðning
Fundi slitið
H Kr Friðriksson. G Guðmundsson Jón Þórðarson Jón Pétursson
H Johnsen Th Johnsen

Ár 1858 þriðjudaginn 13 dag júlím. áttu fulltrúarnir fund með
sjer, og og mættu þar ekki H St Johnsen og J Þórðarson.
1. Var þá lagt fram brjef frá fátækranefndinni dags. 30 júní,
þar sem þeir biðja um, að bæjarstjórnin sjái um, að
gjaldkeri fátækrastjórnarinnar hafi 400 rdd. í höndum
til að kaupa korn fyrir handa hinum fastu ómögum,
og var ákveðið að rita bæjarfógeta á þá leið, að sjer
fulltrúarnir verði að fela honum á honum á hendur
að sjá um þetta, með því gjalddagi sje þegar kominn.
2. Var lagt fram 2 brjef annað frá Einari, Þórðarsyni dag
9. þ. m. og annað frá Einari snikkara Jónssyni, dag. 12. þ. m.,
þar sem þeir biðja um leyfi að mega flytja grjót eptir
skólavörðustígnum, og vildu þeir gefa þeim leyfi með
því skilyrði, að þeir ábyrgðust allar skemmdir, og væru búnir
með flutninginn innan viku.
3. Þá var Egli bókbindara Jónssyni ávísaðir 23 rdd. fyrir
skurðinn í Vatnsmýri samkvæmt áætluninni VIII.
4. Formanninum fókst á hendur umsjón með bæjarverkum
þennan mánuðinn.
Fundi slitið.
H Kr Friðriksson. G Guðmundsson Jón Pétursson Th Johnsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1858, laugardaginn 31. dag júlím., áttu bæjarfulltrúarnir fund með sjer, og voru þeir þar allir, nema Jón Þórðarson.

1. Lagði formaður fram brjef frá bæjarfógetanum, dags. 30. d. júlí., þar sem hann tilkynnir, að stiptamtmaður hafi með brjefi 6. þ.m. útnefnt E. prentara Þórðarson og Einar snikkara Jónsson ~~til~~ meðlimi byggingarnefndarinnar í stað Torfa sál. Steinssonar, og Þorst. Jónatanssonar, sem flutti burt úr bænum.

2. Þá var tekið til umræðu beiðni frá Guðna Einarssyni m. fl. dags. 5. þ. m. um viðgjörð á veginum milli Bergstaða og ~~bæjar~~ Pèturs Skúlasonar, og var ráðið af að svara bæjarfógeta á þá leið, að fulltrúarnir ~~eigi~~ sæju ~~nein~~ naumast ráð til þess þetta árið, þar eð þeir 300rd., sem til vegabóta eru ætlaðir, munu varla hrökkva til þeirra verka, sem þegar eru ástofnuð eða beinl. liggja fyrir hendi; þó vildu þeir veita þeim styrk til þess, 32 skk fyrir hvern faðm, í kvosinni, en 16. skk. fyrir hvern faðm þaðan, suður að bæ. H. Árnasonar ef þeir gjöra veginn svo, að bæjarstjórnin sje ánægð með hann.

3. Þá var afráðið að rita bæjarfógeta um, að nauðsyn bæri til, að kaupa planka til brúa yfir rennur bæjarins, svo sem fyrir 20rd, og væri hann því samþykkur, að rita gjaldkera um það, og fela honum það á hendur, á uppboðinu 4. ~~þ.m.~~ n. m.

4. Þá voru ávísaðir. Egli bókb. Jónssyni 48 skk. fyrir pappír, yfirkennara B. Gunnlögsyni 10rd. fyrir kort, og bæjarfógeta V. Finsen 11rd. 16 skk. fyrir skriptir við brunabótauppskriptið, og Guðbrandi Guðnasyni fyrir sprengingu á grjóti 3rdd. 61 skk.

5. Þá var afráðið að rita stjórninni til, að mega taka annan næturvörð, auk þess, sem nú er.
6. Lögfr. J. Guðmundssyni var falin umsjón með bæjarverkum næsta mánuð.

~~Fundi slitið~~

Fundi slitið

~~Kristiansson~~ Friðriksson. ~~J. Guðmundsson~~ Jón Pètursson ~~H. Sigurðsson~~ ~~Sigurðsson~~

Ár 1858, miðvikudaginn 11. dag ~~júlím.~~ ágústm. áttu fulltrúar Reykjavíkurbæjar fund með sjer, og komu þeir þar allir nema assessor J. Pètursson.

1. Var þá rætt kærubrjef, ~~at~~ kandid. H. Jónssonar, dags. 25. d. maím., ~~út úr bæjargjaldi~~ til stiptamtmannsins,

52

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar sem hann biður um lausn frá bæjargjaldi sínu,
sem heimildarlaust á hann lagt, eða það þá að
minnsta kosti [verði] niðurset, og kom fulltrúunum saman
um, að svara á þá leið, að þeir eigi sæju neina ástæðu
til að fella gjald þetta niður eða lækka það, þar eð
fulltrúarnir eigi sæju, að hann hefði verri ástæður,
en [hverr] ~~allir~~ a[nnar] ~~aðrir~~ kandidat~~ar~~, sem borgar hið sama
bæjargjald.

2. þá var rætt brjef frá Þórði Torfasyni, dags. 2. júlí, þ. á.,
þar sem hann kvartar yfir bæjargjaldi því, sem á hann
var lagt, sem heimildarlausu þetta árið, [þar] sem hann
kom fyrst inn í bæinn nú í fardögunum, og sömuleiðis
yfir bæjarverutolli sínum 3 rd., og kom fulltrúunum
saman um að svara á þá leið, að þeir verði að álíta
bæjarverutollinn sem privilegan samning á milli
hans og bæjarfógetans, en ~~um~~ bæjargjaldið verði
þeir að álíta rjett á hann lagt, þar sem hann sje
í bænum 2 þriðjunga ársins, og ~~bæ~~gjaldið í saman-
burði við ~~aðra~~ gjald annara alls eigi of hátt, eptir
tímalengdinni, [og efnahag hans] ~~en~~ það sem fyrirbiði sje það, að
kæra þessi komi allt of seint.

3. þá var rætt brjef Sigurðar Steingrímssonar [á Seli], dags.
28. maí þ. á., þar sem hann kvartar yfir bæjar-
gjaldi sínu með því hann sje hjá móður sinnar,
og kom fulltrúunum saman um, að svara á þá leið,
að þeir ~~eigi~~ sjái alls enga ástæðu til að fella niður [gjald]
því að bæði sje það, að hann eigi tíundarbært fje,
[eins og hann sjálfur játar] og það meira, en hann sjálfur [viðurkenni] ~~það~~, bæði skip og bát,
auk þess ½ hús hjer í bænum, og haldi vinnu-
mann, ~~og~~ eptir þessu geti þeir eigi betur sjeð,
en gjaldið sje rjett á hann [lagt], eptir þeim reglum,
sem fylgt sje hjer um bæjargjald, og auk
þess komi þessi ákæra allt um seinan.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Þá var rætt um barnaskólamálið, og var J. Guðmundssyni falið á hendur að gjöra uppkast til svarsins. —

Fundi slitið.

~~H.~~ Kr. Friðriksson. J. Guðmundsson ~~H. Johnsen~~ Jón Þórðarson ~~H. Johnsen~~

Ár 1858, laugardaginn 4. dag septembermán., áttu fulltrúarnir fund með sjer, og voru þeir þar allir, nema kaupm. H. St. Johnsen.

1. Fyrst voru þá rædd umkvörtunarbrjef ~~rædd~~ frá E. Hákonarsyni dags. 21. f. m. og E. Sæmundssyni, þar sem þeir kvarta um burttöku á grjóti úr görðum þeirra, og biðja um skjegindingu... í staðinn, og sömuleiðis frá Róru Grímsdóttur, dags. 2. d. þ. m., þar sem hún biður um, að ~~bæj~~ láta hellu yfir ræsið, og komu fulltrúarnir saman um, að svara á þá leið, að þeir vildu ekki undir stólpana, sem voru með þeim garði E. Hákonsens, og að öðru leyti: að 3 af bæjarstjórninni ásamt 2 óviðriðnum og óvilhöllum kunnugum mönnum, ~~skyldi á þá~~ yfirlíti þann skaða, sem ~~kynni~~ af götutilbúningnum kynni að hafa niðið, og voru til þess kosnir Guðm. Þórðarson og Jóhannes Zoëga, ásamt H. Kr. Friðrikssyni og J. ~~Guðmundssyni~~, Jóni Þórðarsyni og H. St. Johnsen.

2. Þá var rætt um bónarbrjef frá prestaskólakennara H. Árnasyni dags. 3. ágúst, þar sem hann biður um, að rennan á Austurvelli verði þá brúlögð, og komu fulltrúarnir saman um, að svara á þá leið, að til þess væri engir peningar í þetta skipti, auk þess, sem margt annað væri til fyrirstöðu.

3. Þá var afráðið að láta búa til rennu vestan fram með nýju götunni, ~~og~~ ef peningar væru til, og halda áfram götunni norður með garði Borgarabæjar.

4. Þá voru ávísaðir Jóni Árnasyni í Stöðlakoti ~~ávísaður~~ 14 rd. fyrir mjómokstur, Þorl. Péturssyni 8 rdd 64 sk fyrir vegarviðgjörð og Árna Alexíussyni m. fl. 48 fyrir plankaburð.

5. Þá var áminnst J. Péturssyni falin á hendur umsjón með bæjarverkunum í septembermán.

Fundi slitið.

~~H.~~ Kr. Friðriksson. J. Guðmundsson J. Sveinsson. Jón Pjetursson. ~~H. Johnsen~~

53

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1858, laugardaginn hinn 25. dag Septemberm. 1858, áttu full-
trúarnir fund með sjer, en eigi komu þeir málaflutnings-
maður J. Guðmundsson og H. A. Johnsen og kaupm. Th. Johnsen.
Voru þá ávísaðir Magnúsi Þorkelssyni og Torfa Jónssyni
10 rdd. fyrir götuna fyrir framan hús Sn. sál. Benedikt-
sens og s. frv., og J. Árnasyni 28 skk. fyrir ýms smáatvik
við bötunina á þeim í vor hjer í bænum.

Fundi slitið.

~~M.~~ Fridriksson, Jón Þórðarson Jón Pjetursson

Ár 1858, mánudaginn hinn 18. d. októbermánaðar, áttu full-
trúar Reykjavíkurbæjar fund með sjer, en assessor Jón
Pjetursson kom ekki, nje heldur H. A. Johnsen.
1. Var þá rætt um brjef frá bæjarfógeta dags. 25. septemberm.
um eptirlaun handa Henriksen, og kom fulltrúunum
saman um að svara á þá leið, að ~~sjer munum~~ eins og ~~sjer~~
bæjarstjórnin þegar í tvö ár hefur veitt Henriksen 40 rdd.
styrk, [hvort árið] ~~eins~~ ~~munu~~ þannig fulltrúarnir [fyrir sitt leyti] sjer fært til, að taka
líkan styrk upp á áætlunina fyrir næsta ár ~~handa~~
1859, handa nefndum Henriksen, og þeir munu sjá
til, að það verði ~~honum útborgað~~ borgað úr bæjarsjóði
honum til greiðslu ~~nú~~ á nærkomandi vori.
2. Þá var ~~ið~~ borið upp tilboð Árna Bjarnasonar, í brjefi
dags. 7. októb. þ. á., að taka að sjer snjómokstur á Kirkju-
brúnni, o. s. frv., [næsta vetur] fyrir 11 rdd., og vildu fulltrúarnir fallast
á boð þetta. bæjarfógeta, að sjá til, að óhreinindi
3. Þá var afráðið að rita sem tekið hafa verið upp úr
rennunum, yrðu tekin burt af götunum, [og hreinsa þær] hverrennunnar, sem ~~eigi~~ voru óhreinsaðar, rennubrettin sem fyrst
og láta ~~gjöra við~~
4. Þá var rætt um brjef frá J. Þórðarsyni, dags. 27. sept.,
þar sem hann beiðist eptir, að gatan ~~upp að~~ [norðan verð við] bæ
hans [verði lagfærð] nú í haust, með þeim nákvæmari skildaga,
sem í brjefinu segir, og fjellust fulltrúarnir á,
að þetta yrði gjört, og fólu J. Þórðarsyni að ann-
ast um [að] þetta yrði gjört.
5. Þá var ákveðið, að rita bæjarfógeta, um að útvega
leyfi stjórnarinnar til að mega selja Stöðla...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kotstúnið nú í vor, í hæfilegum hlutum mót árlegu gjaldi.

Fundi slitið.

H Kr Friðriksson. P. Guðmundsson Jón Þórðarson Th. Johnsen

Ár 1858, föstudaginn hinn 29. dag októberm., áttu fulltrúarnir fund með sjer, og voru þeir þar allir, nema J. Þórðarson.

1. Var þá rætt um brjef frá Egli bókbindara Jónssyni, dags. 23. dag þ.m., þar sem hann enn að nýju biður um hússtæði undir útihús fyrir vestan hús sitt, og kom fulltrúunum saman um að svara á þá leið, að þeir vildu fyrir sitt leyti leyfa, að honum yrði útvísað hið eptiræskta svæði, ef hann ~~vildi~~ notaði það strax, eptir því sem byggingarnefndin nákvæmari ákvæði, þó með því skilyrði, að hann þegar setti grindheldar grindur beggja vegna með fram þessu svæði, upp frá húsi sínu, og ~~upp~~ að húsi því, sem hann byggði, og hjeldi þeim við, svo lengi, sem ný gata eigi væri gjörð vestan fram með húsaröðinni; en undir eins og gata væri lögð, væri sjálfsagt, að hann yrði að rífa niður þessar grindur; enn fremur yrði hann að greiða sama árlegt gjald eptir hið útvísaða svæði að tiltölu, og Jakob Sveinsson og Dr. Hjaltalín borgaði fyrir svæði það, sem honum er útvísað í brekkunni, þó svo, að húsaskattur sá, sem honum ber að greiða eptir hús það, er hann kann að byggja dragist þar frá, ~~og sömuleiðis [illegible]~~ Að öðru leyti er það sjálfsagt, að hann verður að fá leyfi etazráðs Jónassens fyrir þann tíma, sem hann hefur leigt túnið, og semja við hann um eptirgjaldið um þau árin. Sömuleiðis fellur gjaldið burt, fyrir þann hluta hins útvísaða svæðis, sem á sínum tíma yrði tekið til götu fyrir vestan húsaröðina, þegar hún yrði stofnuð.

2. Þá var tekið ~~fyrir~~ brjef til umræðu frá Símoni á Móhúsum, dags. 16. d. þ.m., þar sem hann biður um að mega fá keldu nokkra fyrir framan tún sitt eptirgjaldslaust um 25 ára tíma, og grafa skurði þar til að veita af vatni, og kom fulltrúunum saman um, að svara því, að þeir ~~eigi~~ fyrir sitt leyti eigi hafi neitt á móti því, að hann noti þessa keldu meðan hann er í Móhúsum, eptirgjaldslaust, með því skilyrði, að hann setji nægan vörð í kringum kelduna, og skili henni þannig.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Þá voru ávísaðir H. St. Johnsen 3 rdl. 86 sk. og E. Hákonarsyni 10 rdd.

4. Þá var umsjón með bæjarverkum fyrir nóvem-bern. falin á hendur herra Kaupm. H. St. Johnsen.

Fundi slitið

H. Kr. Friðriksson. E. Guðmundsson. Jón Pjetursson. [illegible] H. St. Johnsen

Ár 1858, laugardaginn hinn 20. dag nóvembermánaðar áttu fulltrúarnir fund með sjer, og voru þeir þar allir, nema tómthúsmaður G. Þórðarson.

~~Las þá formaður brjef~~

1. Tilkynnti þá formaður 3 brjef bæjarfógeta, öll dags. 11. þ.m., þar sem hann tilkynnir fulltrúunum, ~~[illegible]~~ 1 að stiptamtmaður hafi samþykkt söluna á Mel til Hannesar Erlendssonar fyrir 5 rdd. árl. gjald; 2, að hann hafi samþykkt útmælinguna til Ól. Ólafssonar á Vegamótum gegn 1 rdl. árl. gjaldi eptir 25 ár, og 3 að Þórður Torfason sje laus við bæjarverutollinn, en eigi bæjargjald, ~~af~~ og í sama brjefi, að málaflutningsm. H. Johnsen, og Sigurður Steingrímsson eigi geti losast við bæjargjald þeirra, en Ólafur Norðfjörð verði laus við það. –

2. Gat formaðurinn þess, að bæjarfógeti hefði sent sjer eptirrit af gjörð þeirra Joh. Zoëga og Guðm. Þórðarsonar hvað Einari Sæmundssyni beri fyrir skemmdir á kálgarði sínum við götu tilbúninginn í sumar.

3. Þá var tekið til umræðu bón Guðna Einarssonar m. fl. og var þeim 8 rdl. ~~úto~~ ávísað úr bæjarsjóði. að fá 40 sk. skyppt fyrir hvern faðm af því verka af veginum milli Bergstaða og Holtsb., en 24 sk. fyrir ~~hitt hinn~~ hvern faðm á hinum hlutanum, og vildu fulltrúarnir samþykkja það, en áskildu sjer þó að ákveða skeflunna nákvæmar.

4. Þá var tekið til umræðu brjef stiptamtmannsins dags. 16. nóvember, þar sem hann kemur með nýjar athugasemdir gegn nýjum neturverði, og kom fulltrúunum saman um, að svara því, að þeir frá sinni hálfu ~~að reyna fram~~ ekkert hafi á móti því, að framkvæmdar sjeu uppástungur stiptamt-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mánuðum í vetur, úr því [illegible] ekki geti komist á hjeðan af [illegible] ár, en áskilja sjer fullan rjett til að fylgja málinu fram að nýju að sumri.

5. Þá var afráðið að rita bæjarfógeta, og biðja hann að útvega keypti stjórnarinnar til að selja gegn á E. afgjaldi túnblett þann, sem bakarinn nú hefur vestan fram með tjörninni, sem nú verður laus næsta vor.

6. Þá var Jóni Ingimundarsyni ávísaður 1 rdd. fyrir að setja niður grindur með fram Kolgarði Einars Hákonsen.

Fundi slitið

M. Fridriksson. J. Guðmundsson Jón Pjetursson O. Johnsen Th. Johnsen

Árið 1858, laugardaginn hinn 11. dag desembermánaðar áttu fulltrúar Reykjavíkurbæjar fund með sjer, og voru þeir þar allir.

1. Skýrði oddvitinn frá, að fátækranefndin hefði sent áætlun yfir útgjöld til fátækra 1859, og tekjur; eru útgjöldin alls ætluð 869 rd. 48 sk., en tekjurnar 138 rdd. 48 sk., verður því að jafna niður á bæjarbúa 731 rdd., og var ákveðið að biðja bæjarfógeta, að útvega skýrslu um það, á ætlunargjaldinu hvað eptir mundi verða við nýárið.

2. Þá skýrði oddviti frá því, að bæjarfógeti hefði með brjefi 10. desemberm. sent brjef, dags. 30. f.m., frá E. Jónssyni og fleirum, um að fá endurbót á veginum á bak við bakarahúsið, og var ákveðið að svara á þá leið, að fulltrúarnir mundu hafa tillit til aðgjörðar á þessari götu við næstu áætlun.

3. Þá var eptir áskorun bæjarfógeta í brjefi 10. þ.m. kosinn maður til að taka þátt í samningu kjörskráarinnar með honum og oddvitanum við kosningarnar á bæjarfulltrúa eptir nýárið í stað skólakennara H. Kr. Friðrikssonar, og var til þess kosinn málaflutningsmaður J. Guðmundsson.

4. Þá var kaupm. M. Johnsen falin á hendur umsjón með bæjarverkum í desembermánuði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. þá voru ávísaðir til Jóns Þórðarsonar í Steinsholti 10 rdd. fyrir vegabætur; Ó. Bjarnarsonar 11 rd. fyrir gö[ng]una milli[um] Th. Johnsens og Smiths; J. Þorbjörnssonar 56 skk.; Alexíusar 14 rdd.; og til lögregluþjónanna 72 skk. fyrir stefnu og birtingu dómsins yfir J. Pálsyni. —

Þá var fundi slitið.

~~M~~ Fridriksson. J. Gudmundsson Jón Þórðarson Jón Pjetursson ~~MJohnsen~~ Th Johnsen

Ár 1858, fimmtudaginn 30. dag desembermánaðar áttu fulltrúar Reykjavíkurbæjar fund með sjer, en málaflutningsmaður J. Gudmundsson kom eigi.

Voru þá ávísaðir reikningar til kaupm. Th. Johnsens 2 rdd. 68 skk.; kaupm. Tærgesens 5 rdd. 72 skk.; Magnúsar Þorkelssonar 5 rdd.; og formannsins 80 skk. —

Fundi slitið.

~~M~~ Fridriksson. Jón Þórðarson Jón Pjetursson ~~MJohnsen~~ Th Johnsen

Ár 1859, mánudaginn hinn 10. dag janúarm. áttu fulltrúar Reykjavíkurbæjar fund með sjer á vanalegum stað, en auk[þ]ess fulltrúanna J. Þórðarsonar mættu J. Pjetursson og tómthúsmaður J. Guðmundsson var endurkosinn til bæjar- fulltrúa, ~~e. skólakennari H. Kr. Friðriksson var nú mættur á fundi~~ ekki. Skólakennari H. Kr. Friðriksson var nú á fundi. og var til þess

1. Var þá gengið til oddvitakosningar, og var til þess kosinn málaflutningsmaður J. Gudmundsson en til vara oddvita kaupmaður Þorst. Jónsson

2. Var lagt fram bref 1. þ. mán. frá Dorent Dilled-sted og konsul M. Smith hvar með þeir fara fram á að borga ~~kledslanar~~ Páli í Skálholtskoti kledslan- á reikningi að allstaðar verði fram með þeirra lóð, í strætinu milli þeirra og Þorst. Johnsens; fulltrúarnir komu ásamt, að gjöra þeim kosti á, annaðhvort að borga sama gjaldið fyrir þetta nú í bæjarsjóð, eða að bæjarstjórnin leti þaka gjörið úr rennusteininum og gegna til síðar

3. Reikningar: 1. frá Páli í Skálholtskoti, fyrir ofaníburð í þetta stræti er nú var getið № 3; á ávísast úr bæjarsjóði, með því skilyrði að það sem fellur niður borgun til hans fyrir kledslu á rennu-

– barnsins að austanverðu (sbr No 2). b. til smiðsins
Helga Jónssonar ~~fyr~~ 3rd 1ß; c til sama, fyrir að setja
niður nýja póstinn 7rd 4ß 8/; d. til G. Jóhannssonar og E. Jóns
7rd 4ß sonar ~~16rd 2ß 4~~; e. Til sama sömu, (sigrænt) 6rd; f. til G.
Jóhannssonar 6rd 3ß 3/ settr niður til 4rd 5ß 12; g. Til Jóns
Þórðarsonar í Steinsholti, upp í snjómokstr frá nærst. haustnótt-
unni, umbeðið 20rd ávísað 15rd; h. Til Guðbrands Guðnasonar
– upphæð 8rd 62/, ávísaðir fyrst um sinn aðeins 6rd

4 Bréf frá bæjarfógeta frá í gær, hvar með fylgdi bréf frá
Kristbjörgu Ólafsdóttur ekkju Eyjólfs Einarssonar er druknaði
10. apr. f.á., biður hún í þessu bréfi um eptirgjöf á bæjar
gjaldi f.á. 3rd 48ß eða að það verði sett niður; fulltrú-
-unum kom saman um að svara í þá leið, að þeir vili
eptir gefa af þessu bæjargjaldi 2rd en hún greiði hina
1rd 48ß í bæjarsjóð.

5 – Var Jóni Þórðarsyni falin umsjón bæjarvert-
-unnar fyrir þennan mánuð. – Fundi slitið

Jón Guðmundsson   Th. Johnsen   H. St. Johnsen   H. Kr. Friðriksson.

Ár 1859, laugard. 22. jan., áttu fulltrúarnir fund
með sér og voru allir á fundi.

Yfirdómari Jón Pétursson kvaðst protestera á móti
þeim fundi sem haldinn hafi verið af bæjarfull-
-trúunum eptir nýárið ~~sem ógildan í alla staði~~ sem ólöglegum í alla staði;
einkum hvað kosningar formanns og viceformanns
bæjarfulltrúanna snerti ~~(sem ógild~~ ólöglegar
í alla staði) þareð fundr sá hefði verið sam-
-ankallaðr af skólakennara Halldóri Friðriks-
-syni, sem við enda fyrra ársins hætti að
vera bæjarfulltrúi og þess vegna sjálfsagt
með forseti fulltrúanna; assessorinn kvaðst
þess vegna ekki hafa álitið sér skylt að mæta
á þeim fundi, er skólakennari Halldór Frið-
-riksson hefði kallað saman, og heimtaði því
nú, að á þessum fundi sem nú er kallaðr
saman af viceformanninum má áðr fráfar-
-ingsmanni Jóni Guðmundssyni, framfari
kosningar samkv. reglug. 27. nov. 1846. § 15
á forseta og viceforseta. –

Um þetta var gengið til atkvæða, og
urðu fleiri atkvæði fyrir að kosningu. [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jan: þ. árs skyldi ga standi — Yfirdómari Jón Pjetursson lýsti yfir að hann gegndi sér rétt til að bera málefnið undir æðri yfirvöld.

Síðan var framlagt

1. Bréf bæjarfógetans 15. þ. mán. þar sem sagt er að amtið 12. s. mán. hafi kosið Jacob snikkara Sveinsson til að vera meðlim byggingarnefndarinnar hin næstu 3 ár.

2 Reikningr frá Teiti Finnbogasyni, 31. des. 1857, að uppæð 2rd 3 8ß; fulltrúunum kom ásamt að ávísa ekki svona gömlum reikning ~~[illegible]~~ fyr að eins að Teitr færði sönnur á að reikningurinn og að hann væri ekki borgaður á annan hátt, t.d. af bæjargjaldkera eða hann verði tekinn í hans reikning.

3_ Do frá Bæjargjaldkeranum um ýmis tillög til bæjarþarfa 1858 — 24rd 71ß

4_ Do frá M. St. Johnsen fyrir keðju til brunaslöngunnar 3rd 60ß

5_ Do frá Magnúsi Þorkellssyni, fyrir Kalkofnsvegar aðgjörð, 15rd; ávísað þaraf 15. þ. mán. 3rd fyrir brúna á Móa frá dregst 1rd 4ß sem ávísaðir 10rd 92ß

6_ Do frá Jóni Þorbjörnssyni, fyrir lóðum á holts í þel- ung 2rd

7_ Do frá Arna Bjarnasyni uppí snjómokstr 3rd (Kár fyrir utan ávísaðir 15. þ. mán. 3rd)

8_ Do frá M. St. Johnsen fyrir aðgjörð á Sprautun 1rd

9 Do frá Jóni Þórðarsyni í Steinsholti, fyrir að moka fram lóð- inni eptir Skorflóð 21. þ. m. 1rd 3 — settmeð til 1/7 og ávísað.

10_ Eptirstöðvar af reikningi Guðbr. Guðnasonar frá 10. þ. mán. að frádreginni hestleigu 1rd 4ß — með 1rd 58ß

Fundi slitið

Chr. Guðmundsson Thjohnsen Jón Þórðarson H. St. Johnsen

Sama ár 5 febr. áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi

1 Var framlagt bréf bæjarfógetans 31. f. mán. hvar- með fylgdi kvörtunarskjal fulltrúa Jóns Pjeturssonar 27. s. mán. útaf oddvita kosningunni 10. jan. þ. á. um þetta kvörtunarskjal hafði stiptamtið beðið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áliti bæjarstjórnarinnar, í bréfi 29. f. mán.
þeim Jóni Guðmundssyni, Jóni Þórðarsyni, M. St. John-
sen og Th. Johnsen kom saman um að rita það
álit sitt að þeir álíti fundinn 10. janr. þ. á. gildan
og allt sem á honum gerðist, kosningu Oddvit-
ans sem annað; skólakennari H. Kr. Frið-
rikssyni áskildi sér að bæta neðan við
ágreiningsáliti sínu.

2 Reikningr frá lyfsala Randrups, að upphæð 1rd 2ß 10
fyrir meðöl í kláðafé hér í kaupstaðnum; — fulltrúa-
num kom ásamt að ávísa þessu fé, með því skilyrði
að bæjarfógeti klagaði til um að þáverandi þeir
er hafa orðið lyfja þessara aðnjótandi fyrir fé sitt
endrborgaði það bæjarsjóði ~~eftir~~ hvað eptir, sem
fjármagni, ásamt þeim 28 sk. er voru ávísaðir
25 sept. f. á. í sama augnamiði. — Bréf skal rita
bæjarfógeta um þetta efni

3 Jóni Þórðarsyni í Skuggaholti ávísað uppí klak-
högg og vinnumakstr þ. á. 9rd

4. Umsjón bæjarverka þennan mánuð var falin skóla-
kennara H. Kr. Friðrikssyni —

Fundi slitið,

J. Guðmundsson Th. Johnsen Jón Pétursson Jón Þórðarson
M. Johnsen H. Kr. Friðriksson

Ár 1859, laugard. 19. febr. áttu fulltrúarnir fund
með sér og voru allir á fundi.

1 Var tekið til umræðu úrskurður stiftamtsins, 11. f. m.
birtr bæjarfulltrúunum með bréfi fógeta 12. f. m.
hvarmeð boðið er að kjósa skuli um aptr oddvita
og varaoddvita, en að öðru leyti skuli hitt
annað er gjört hefir í bæjarstjórninni síðan
10 d. jan. vera í fullu gildi
Fulltrúarnir M. St. Johnsen, Th. Johnsen
Jón Guðmundsson og Jón Þórðarson álitu að
þeir ekki finna fullnægar ástæður til
að ~~[illegible]~~ beinlínis að afrekja að hlýðn-
ast þessari skipun amtsins er þeir áður
um, einkum af því að þar af mundi
leiða frestun þeirra bæjarmála sem ekki
má með neinu móti fresta, t. d. niður-
jöfnun bæjargjaldanna fyrir þ. á.; af
en hinsvegar verða þeir að mótmæla
því, að þessi úrskurður amtsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sé að þeirra áliti, á fullum og réttum erfðaábúðarlögum
byggð, og þessvegna áð siga fyr nefndir full-
-trúar sig, að bera þettara úrskurð undir
hlutaðeigandi yfirvalda með öllum þeim
skjölum og skilríkjum sem þar að lúta

Var síðan gengið til kosninga og hlutu
þeir 3 atkvæði hver M. H. Johnsen og Jón Guð-
-mundsson. Afþví bæjarstjórnar löggjöfinni
nefnir ekki hvernig þá skuli úr skera, geng-
fulltrúarnir sem til atkvæða um hvort
heldr skyldi aldr ráða eða hlutkesti, og
urðu fleiri atkvæði fyrir því að aldr
skyldi ráða; Jón Guðmundsson sem eldri
varð því oddviti, en til varaoddvita
var kosinn kaupmaðr H. Johnsen

2 – Reikningr frá skóara Þórði Þórðarsyni, fyrir að-
-gjörð á Sprautum 2r 60ß; ávísaðr

3 – Do frá snikkara Helga Jónssyni 48ß, fyrir að-
hafa saman bréf og brot af fötum o. fl. – ávísaðr

Fundi slitið

J. Guðmundsson H. Johnsen H. St. Johnsen Jón Þórðarson

Jón Pétursson ~~H.~~ Friðriksson

Sama ár laugardaginn 5. marz áttu fulltrú-
-arnir fund með sér á vanalegum stað og voru allir
á fundi.

1 Var lagt fram bréf frá bæjarfógeta 28. f. mán. hvar með
fylgdi áætlun yfir tekjur og útgjöld bæjarsins fyrir
1859, staðfest af amtinu

2 – Bréf frá Einari smiðs Jónssyni, 8. f. mán. sent með
bréfi bæjarfógeta 28. s. mán, ásamt útmælingu á kál-
garðsbletti og útvísun 28. apr 1857 og 17. maí 1858, – hvar
með Einar beiðist að fá þá lóð er þeim er útvísað
miðlað með téðum mælingargjörðum, af gjaldi landskuldar
frá byrjun þ. árs, sem tilsk. 17 nov. 1786, að
því leyti lóð sé innan takmarka kaupstaðar-
lóðarinnar. – Fulltrúarnir álitu [illegible] að
svara á þá leið að svo framarlega sem [illegible]
er var útvísuð 28 apr 1857, [illegible] lengur [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjálfrar kaupstaðarlóðarinnar, en það vilja fulltrúarnir þá, bæjarfógetanum og bygginganefndinni að ákveða, þó vilja fulltrúarnir, fyrir sitt leyti leyfa að Einar haldi ~~þeirri lóð~~ þeirri lóð til kálgarðsstæðis leigulaust frá byrjun þ. árs, og þar til á hinum breyting yrði þar á gjört, en þar sem bæði ~~lóðar~~ Einar er snikkari og bygginganefndin álítur ~~[illegible]~~ ~~[illegible]~~ með fyrsta þessa lóð nægilega til kálgarðsstæðis, einnig líka virðist vera, þá finna fulltrúarnir enga ástæðu til að leyfa honum lóðargjaldsbótina eptir útmælingu 17 maí, sé á leigulaust, heldur skuli gjöra Einari kost á að afhenda honum aptur þá lóð ef hann vili ekki gjalda eptir hana þina um sömdu 1° 68/

3 Var ályktað að biðja bæjarfógeta að senda sem fyrst allar nýjar ~~[illegible]~~ byggingar, byggingar viðbætir, skúri &c sem hefði verið byggðar her seinasta siðasta vetr sjálfum gjörðist, og sendi bæjarfulltrúunum þaregtir til allra bráðab.

4 Að rita bæjarfógeta um og leiðast tilhlutunar hans um leiðrettingu á því að í hinum framlagða bæjarreikningi fyrir 1858 ~~sé~~ ~~til færð~~ árslegan af Melshúsatúni og Ullarstofuparti ~~sé~~ þar til færð Rr 48 og 13° 48/ í stað ~~[illegible]~~ uppboðsleigunnar ~~185~~ 18. apr. 1857, 19° 16/ og 22 rd.
Jafnframt skyldi biðja bæjarfógetann 1° að hlutast til um. 2. að afskriptir af þeim fylgiskjölum við bæjarreikninganna sem eigi ofer grepa ~~ávísana~~ ávísana reikninga bæjarfulltrúanna, áætlanirnar &c) verði framlagðir með reikningunum árlega, einnig yfir útistandandi skuldir &c. 3. að bæjarreikningurinn verði auglýstr árlega á prenti að minnsta kosti 3 mán eptir að hann er saminn

5 Ávísaðir reikningar: 1 ~~fyrir~~ til þess bæjarfulltr. Þórðarsonar fyrir jarðaundirvinnubor 48/; 2 til Jónasar Helgasonar fyrir aðgjörð á áhöldum 1° 40/ 3. til J. Finnbogasonar frá 1857 2° 56/ fyrir d° itr fundi 22 jan̄ f. á. № 2

6 Kaupmanni Th. Johnsen falið umsjón bæjarverka Einars manns — Fundi slitið

J. Guðmundsson ~~Th. Johnsen~~ Jón Þórðarson ~~[illegible]~~
Jón Pjetursson H. A. Sivertsen

58

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1859 laugardaginn 19. marz áttu fulltrúarnir
fund með sér á venjulegum stað og voru allir á fundi
1 Hr. fakt. kaupmaður Jónsen hreifði uppástúngu
nni, að þar sem nú stæði til eptir því sem sagt að
að tómthúsið Finnbogabær yrði selt nýjum eig
anda, þá væri nauðsyn á að sjá því borgið af
hendi bæjarstjórnarinnar, að bær þessi, ~~ekki yrði~~
sem nú væri kominn að falli, yrði ekki af
hinum nýja eiganda byggður upp á sama stað
þar sem hann ~~væri fyr~~ áður, og hann nú stæði
væri því til hinnar fyrirstöðu að hin nýja
gata norðan frá Borgarabæ yrði lengd
suður í Grjótagötu er það væri hin mesta nauð
syn á, til þess að sú gata yrði ~~til~~ fullkomin
og til fulls gagns og prýðis.
Allir fulltrúarnir fellust á þetta, og þar sem
Finnbogabær er torfhús en stendur þó á hinni
eiginlegu kaupstaðarlóð, þá urðu þeir að álíta
að bæjarstjórnin gæti bannað að byggja upp
torfbæ þar í staðinn á sama stað ein hann þar
þess utan hann væri í vegi fyrir framhaldi og
lengingu almennings ~~og~~ strætis. Það var því sam
komulag að rita bæjarfógeta um þetta efni, að
hann skuldbindi til um að byggingarnefndin ~~skoði~~
~~ástæð til~~ stæði skoðun á staðnum [?] og segði álit sitt
um ~~að~~ nauðsyn á að lengja hina nýju götu, frá
fram hjá Stúdentinn [?] suður eptir Finnbogabæ til
Grjótagötu, og að hann, ef byggingarnefndin
yrði þessu samdóma, legði bann á það sem
fyrst við eiganda Finnbogabæjar, að bær þessi
yrði byggður upp á sama stað aptur, þegar hann
yrði niðurrifinn, og að því legði bæjarfógeti
áliti þar fast eptir gildandi lögum og [?]
hér í bænum, að hann yrði áður byggður en
úr timbri eða múr; en þar í móti álitu
fulltrúarnir sjálfsagt, að heita eiganda
sanngjarnt endurgjald af bæjarsjóði fyrir þann hluta
af lóð hans er gengi til lengingar á götunni
2 Árinað uppi [?] N. Bjarnasyni 3ja á
Jóni Þórðarsyni í Steinsholti upp[?]

Klakksey d. 8[de] — — Fundi slitið

Guðmundsson Johnsen   Jón Þórðarson
~~Johnsen~~ Jón Pétursson ~~Friðriksson~~

Ár 1859 laugardaginn 16. apr. áttu fulltrúarnir fund með sér á vanalegum stað og voru allir á fundi nema tómthúsmaður Jón Þórðarson, sem er til sjóróðra fyrir sunnan.

At. Komu þá fyrst til umræðu eptir fylgjandi yfirvalda bréf send af bæjarfógeta

1° Bréf dómsmálaráðherrans 26 febr. þ. árs áhrærandi sölu á Skálholtskots og Stöðlakots túnum (sbr. fund 18. okt. f. á. № 5); — bæjarfulltrúunum kom ásamt að svara á þá leið að þeir gæti verið alveg fallast á að uppástunga stiptamtmanns til stjórnarinnar um að áskilja bænum forkaupsrétt við eigandaskipti, yrði tekin upp í skilmálana, en að öðru leyti þótti bæjarfulltrúunum eigi ástæða til að að hyllast hinar aðrar ~~[illegible]~~ uppástungur stjórnarinnar.

2 Bréf bæjarfógeta 14. þ. mán. um að salan á Melkotstúni hafi eigi verið borin undir stjórnina samfara sölunni á Skálholtskots túnunum; leggur bæjarfógetinn til að Melkotstún sé því boðið upp til afgjalds, að minsta kosti fyrir far til fard. 1860; — fulltrúarnir fellust á að tún þetta yrði uppboðið til leigu fyrir næstkomanda fard. ár.

3 Bréf sama, s. d. hvar með fylgdi útskript bréfs prestsins til Helgafells síra O. H. Thorbergs 22. des. f. á.; ~~beðið~~ fyrir þörðum ~~[illegible]~~ ~~leggja~~ fyrir spurn bæjarfulltrúanna, um hvað frekara æði að afráða, áhrærandi hinn ~~[illegible]~~ nú verandi leigulóða afgjaldið o. s. frv. kom fulltrúunum ásamt að svara: að leiguliðanum bæri að vera að tilkynna eigandaskipti og fá ~~[illegible]~~ byggingarbréfið til sýnis, en að öðru leyti fyndist eigi ástæða ~~til að~~ breyta byggingarskilmálanum meðan þessi leiguliði lifði; hins vegar álitu fulltrúarnir að svo framarlega sem skjal 24 febr. 1835 áskildi ekki afgjaldið eptir Melshúsin til Helgafells kalla í neinum tilteknum skileyri t. d. kvörðum þá setti það þá ~~[illegible]~~ nema að því á skildu Godtta 30 fiska gjald rétt goldið ~~eptir~~ verðlagsskrár meðalverði.

4 ~~3~~ Bréf dómsmálastjórnardeildarinnar, til Isl. stjórnardeildarinnar 19. Novbr 1858, ~~[illegible]~~ hvar með er tilkynnt afsvar um að Reykjavík bæri vera tekin í brunabótar ábyrgðarfélag kaupstaðanna í Danmörku.

5 Bréf bæjarfógeta frá í gær um íbúar og aul[...]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ar byggingar í Reykjavíkur kaupstað 1858, til
eptirlits með niðurjöfnuninni.—

B. Var hreift eptir fylgjandi málum:

1. Útaf reikningi bæjargjaldkerans fyrir næstl. hálf-misserin til 31. þ. mán. hvar með kom í ljós að bæjarsjóðurinn nú væri kominn í 1170rd 4ß skuld við bæjargjaldkera, að til handa manni væri að eins goldnir 85rd af þeim 390rd er fátækragjaldkerinn átti heimtu á við 30 fyrri niðurjöfnunar, og þeim útgjöld bæði styrar til Hendriksens og til ymsra bæjarverka lögð nú fyrir, var þá þann fulltrúunum ásamt að ~~leita~~ beiðja bæjarfógeta að leita leyfis stiptamtmannsins til að taka 400 rd lán af opinberu fé gegn lagavöxtum, en þeim með tilliti til þeirra óhagkvæma fyrirkomulags sem nú er á bæjarreikningunum, áleitu og niðurjöfnun en teldi það með sér, að bæjarsjóðurinn hljóti á meðan svona stendur að vera fé laus árlega frá nýjári til þess mikill hluti bæjargjalda náist inn í júní – ágúst – það ár

2. Ávísaðir snjómoksturs reikningar frá ... Arnasyni 2rd 32ß —

Fundi slitið

J. Guðmundsson Th. Johnsen Jón Pjetursson ~~H. Sigurðsson~~ M. W. Fridriksson.

Ár 1859, laugardaginn 24. april áttu fulltrúarnir fund með sér í húsinu kaupmanns Th. Johnsen, til þess að jafna niður goldunum á bæjarbúa fyrir 1859; en fulltrúi tómthúsmanna Jón Þórðarson hafði formanni forföll sín af því hann lá við sjó suður í Leiru, en áskildi sér að mega yfirfara niðurjöfnunina áður en hún yrði fullgjörð og framlögð. Allir hinir fulltrúarnir voru á fundi og bæjargjaldkerinn C. Robb og héldu áfram niðurjöfnuninni samn dag út, og ~~fullgjörðu~~ luku síðan við hana 26. þ. mán. Öllum fulltrúunum kom ásamt um að gefa Jóni Þórðarsyni kost á að yfirfara niðurjöfnunina og skýra upp á breytingum á henni, áður hún yrði send bæjarfógeta og framlögð —

Fundi slitið

J. Guðmundsson Th. Johnsen Jón Pjetursson ~~H. Sigurðsson~~ M. W. Fridriksson.
C. O. Robb

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1859 midvikudaginn 4 maí áttu fulltrúarnir fund
með sèr; M. St. Johnsen og H. Kr. Fridriksson komu ekki
á fund. — Var þá tekið til umræðu:
1. Brèf Stiptamtsins 14 marz þ. á. birt með brèfi bæjarfóget
ans 14. f. mán. um, að alþingisgjaldið í ár væri 2 3/14 ß af
hverjum dal jarðaafgjaldanna, og að gjald til jafnaðar
sjóðsins af Reykjavíkur bæ, fyrir 1859 væri ákveðið til
40 rd.
2 Brèf stiptamtsins til bæjarstjórnar, 30. f. mán. (afhent
framvísað af bæjarfógeta,) hvar með amtið samþykkir,
uppástungu bæjarstjórnarinnar í brèfi 27. f. mán. um
það að jafnað verði niður á bæjarbúa, auk þess er
í þ. árs áætlun var ákveðið, 100 rd. í þóknun til organ-
-ista P. Gudjohnsens fyrir að kenna einhverjum er
til þess þætti hæfr, að spila á orgel, efa þessleiðis með
fengist til að nema það; formaðurinn gat þess, að
bæjarfógetinn og hann hefði nú fengið til að nema
~~þetta~~ orgelspil hjá Gudjohnsen, studentsefnið Stein
Steinsson, sem er hèr í bænum, og að Gudjohnsen hefði
undirgengizt að kenna honum. Fulltrúarnir sem ki
voru á fundi [stain] kom á saml, að skjóta þessu máli
til ~~bæjar~~ algjörlegra úrslita á bæjarstjórnarfundi
er bæjarfógeti ~~sauma~~ kveði til hjá sèr, og þótti þetta
því fremur nauðsynlegt sem þeir vantaði nú 2
fulltrúanna, en bæjarfógeti hefir þafsframur geng
izt fyrir að koma ~~t~~ þessu málefni í kring; var
formanni falið að afstala við hvenær ad bæjar-
fógeta um þetta fundarhald
3 Brèf stiptamtsins 3. þ. mán., birt fulltrúunum
með brèfi fógeta í dag, er svarar brèfi fulltrúanna
16. f. mán. á hrærandi 400 rd. lánsfèð til bæjarsjóðs, stift
amtið kveðst eigi geta lagt til að tekið sè það vaxta-
-fè fátækrasjóðsins er væri með 4% vöxtum, en vildi
lána fèð af Thorkillii skólasjóði, gegn 40 rd. árlegri
borgun og 4% vöxtum m. fl. Fulltrúunum kom á saml
að svara á þá leið, að svo framarlega sem fátækrasjóðurinn
ætti ekki svo mikið fè með 3 1/2 og 3%. leigu eða óvett á leigu
að ~~hann gæti lánað~~ það nemdi 400 rd., hvar um bæjarfógeti
væri beðinn að ~~sat~~ útvega og rita stiptamtinu nákvæm
-ari upplýsingar, ~~þá vildi þeir~~ eða ef fè fátækrasjóð
sins, er þó væri ekki bjargt dæti, hinna rèttari vaxta
er þannin það með greiddist, ekki fengist af öðrum
ástæðum, — þá vildi þeir gánga að boðum stipt-
ins, þó þannig að hin fyrstu 40 rd. greiddu
mætti fresta til 1861, af því 1860 lægi fyrir bæjar

sjóðinn að endrgjalda kirastedarta 50rd af
200rd skuldinni af til 1856 til fátækrasjóðsins

4- Var ~~uppkast~~ framanskrifuð tveggja fundargjörnings frá 23 og 26 f. m.
lagt fram, og eptir að fulltrúinn Jón Þórðarson sem
þá var fjærverandi, hafði lýst því, þetta ~~uppkast~~
framkæmi undanfarinn daga síðan hann kom á
fundinn, voru athugasemdir hans þar á til
tilhlýðinda og framvarpinu þar eptir að nokkru
leyti breytt nú á fundinum.

5- Þá var hreift aðalumræðu á "Bakarastignum". Guð-
-brandr Guðnason hefir boðist til að gjöra þenna veg-
gjörðan með nokkru ofaníburði og annari aðgjörð, innst
(2) ~~að~~ við vegamótunum fyrir 100rdl; fulltrúarnir komu á-
-samt að gánga að þessu boði án uppboðs, ~~með~~ ef
Guðbrandr vildi gánga að því með eptirfylgjandi
skilmálum:

a. að hann beri ofaní veginn sem svari 3/4 á
þykt yfir höfuð að tala miðja vega grofu svo
um hrygg yfir allan veginn

b. að hann hafi veginn undir eða lokki hann
meðfram Stiptamtshússins garðinum, er má
gánga ofaní aðalveginn

c. af ofaníburðinum sé tekinn annaðhvort í Hóla
kefts gröfunni sé eða á slett- melnum fyrir innan
steinkudyr.

d. að hann lagfæri syðri hliðina vegarins hvar
sem með þarf.

e. að hann leggi eitt þverræsi yfir veginn með góð
grjótklæðslu, ef þess þarf þurfi ~~með~~ við vegamótin

6- f. að hann breikki austrenda ~~vegarins~~ þenna mann tekur
Umtsvag ~~með~~ bæjarverkum
að sér Jón Guðmundsson.
Fundi slitið

Jón Guðmundsson Thjohnsen Jón Þórðarson Jón Pjetursson

Ár 1857 laugardaginn 28. maí áttu fulltrúarnir fund
með sér; allir á fundi nema bæjarfulltrúi Jón Þórðarson
Var þá tekið fyrir

1. Bréf Stiptamtsins 25 þ. mán. sent með bréfi bæjarfógeta
daginn eptir, áhrærandi auknum þörfum á þeim 500rd er
bæjarstjórnin í sameign engu hafði stungið upp á og stipt-
amtið samþykt að væri varið úr bæjarsjóði til umbóta
handa organista Guðjohnsen fyrir að kenna sóðilegum mönnum
Orgelspil, en síðar horfið frá að verja og niður fallið, eptir
það ~~stiptam~~ orðið var víst að Guðjohnsen gjörði hér eins
fyrir að minsta kosti árlangt. Stiptamtmaðurinn setur
nú í þessu bréfi ýmsar athugasemdir gegn þessu fr

hvarfi fulltrúanna frá því er fyr var ákveðið í bæjarstjórninni, og óskar að þeir taki því málefn-ið til nýjrar yfirvegunar. Fulltrúunum kom ásamt að fresta um sinn að svara þessu bréfi.

2. Bréf bæjarfógetans frá igær, hvar með fylgdi byggingarbréf prestsins til Melgarðs til sál. sauðlæknis J. Thorsteinsens frá 12. febr. 1874, ~~og er í 4. grein bréfsins~~ (fyrir Melkots hagann og kaupstaðartún) eignarhans heimilað ábúðar afnot garðanna Þrílængs eptir þeim í byggingarbréfinu ákveðnu skilmálum. Fulltrúarnir rituðu í dag áteiknun á þetta byggingarbréf (sjá copiubókina) og var það síðan afhent bæjarfógeta.

3. Bréf bæjarfógeta frá í dag er segir frá uppboði því er haldið var igær á sundurstykkjuðum Skálholtskots og Stöðlakots túnum í þrem vellir, til fullrar eignar gegn árlegu afgjaldi til bæjarsjóðs í álnatali. Samtals var boðið fyrir alla vellina í árlegt afgjald 249 álnir. Fulltrúunum kom öllum ásamt að samþykkja þessi boð á hverjum velli fyrir sig, ~~þó~~ af þeim ástæðum að þó að þetta álnatal, talið til peninga eptir þ. árs verðlagsskrá vanti ~~[illegible]~~ dáfi til að ná ~~[illegible]~~ þeirri afgjaldsupphæð sem túnin áttu hafa verið leigð fyrir hér undir á undan, þá sé þess einnig gætandi að tún þessi sé alltaf að ganga eptir og komast í meir og meir vanrækt, að þetta megi og af því að leigan hafi ~~af~~ smámsaman farið minnkandi ~~[illegible]~~ við nýjan leiguliða skipti, að fremur megi ráðgjöra að verðlagsskráin hækki en lækki, ~~og~~ en þar við bætti og að leiga er nú var boðin í álnatali.

4. Kom fulltrúunum ásamt, að jafna bæjargjaldi niður á ~~[illegible]~~ ~~fylgjandi~~ nokkra bæjarbúa er gleymzt hafði að leggja á gjald við niðurjöfnunina í f. mán.

5. Bæjarfulltrúunum kom ásamt að ~~senda í byggingar-nefnd~~ rita bæjarfógeta um að hann hlutist til að byggingarnefndin ákveði stefnu og breidd götu þeirrar sem þarf að umbæta og lengja suður eptir milli húsaraðanna efri og syðri í Ingólfsbrekku og semji við húsadeigendurna fyrir ofan um að látast af hendi ~~[illegible]~~ það sem nauðsynlegt sé af kálgörðum þeirra til að breikka götuna.

6. Jóni Þórðarsyni í Steinholti var ávísað úr 6 blaðhögg og [illegible] p. á 8 rd.

7. Jóni assessor Péturssyni falin umsjón bæjarverksins í Andstæðum mánuði.

Fundi slitið

J. Guðmundsson Thjohnsen Jón Pétursson H. Sigurðsson H. Kr. Friðriksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1859 laugard. 18. júní áttu fulltrúarnir fund
með sér og voru allir á fundi, nema yfirdóms ass.
Jón Pjetursson og bæjarstjóri Jón Þórðarson

1 Var tekið til umræðu bréf bæjarfógeta 10. þ. mán., þar
sem hann skýrir frá, að Stiptamtið hafi með bréfi 1.
þ. mán. samþykt útvísun byggingar nefndarinnar
á Austurvelli næstan vestan til hússtæðis handa tinsm.
-ara Jacob Sveinssyni. — Þó að bæjarfulltrúarnir
hafi áður treist mótmælum gegn byggingunum á Austur-
-velli, frekar en komið er, einkum að norðanverðu,
og að þeir geti ekki ~~á~~ verið samdóma þessu samþykki
Stiptamtsins, þá álíta þeir sig ekki fært að halda
málinu lengra, þar sem samþykki amtsins er
meðfram bygt á samróma áliti bæjarstjórnarinn-
-ar frá 1853. Hinsvegar vilja fulltrúarnir að
valað sé yfir að Jacob Sveinsson byggi þarna tví-
-loptað hús og prýðilegt, einsog hann hefir skuld-
bundið sig til í beiðni sinni

2. Ávísað reikningi til lögregluþjónanna að upp-
hæð 4rd 48ß fyrir mælingar á húsum, uppboð
-storf etc.

3. Reikningur fyrir aðgjörð á Laugarnes vegi frá
Teitlori Helgasyni, 6rd var samþyktur til
greiðslu með því skilyrði að þeir yfirvald.
Jón Pjetursson og H. St. Johnsen skoði aðgjörðina og álíti að hún sé svo mikils verð

Fundi slitið

J. Guðmundsson Th. Johnsen ~~H. St. Johnsen~~ ~~M.~~ Fridriksson.

Ár 1859. ~~f~~ miðvikudaginn 29. júní áttu fulltrúarnir
fund með sér og voru allir á fundi nema kaupm. Th. Johnsen
1. Var tekið til umræðu 2 umkvartanir yfir bæjarútsvari
þ. á. sendar með bréfi bæjarfógeta 27. þ. mán. A. frá
Snorra Þórðarsyni í Steinsholti 6. þ. mán. og b. frá snikkara
Jóhannesi Jónssyni, 23. þ. mán. í bæjarfógetinn getur þess, að
þessar, umkvartanir hafi eigi til sín komið fyr en
niðurjöfnunin var búin að liggja hinn lögskipaða 3 vikna
tíma. Bæjarfulltrúarnir komu ásamt að svara á þá leið,
að þareð engar þær nýjar upplýsingar eða ástæður væri
fram færðar, er sannaði að aðrenda hefði fullt til efni

til að ~~[illegible]~~ bera sig upp undan of háu gjaldi, þá fundi þeir því sitt ástæðu til þess að ~~breyta áliti sínu~~ breyta atkvæði ~~þ~~ sínu í þessu efni sem tekjurnar séu uppbornar í ótíma einkum sú frá Snorra Þórðarsyni, þarsem Jóhannesi snikkara varð [gjaldið] í þessu atriði afarþungbært fyrir það, að ~~þá~~ hann var ekki annan bæjarmann það legði með þó Söfnunin lá til sýnis hans dögboðna sinna.

2. Yfirkennari H. Kr. Friðriksson bað að ber um stjórn bæ-jarmálefna um vestlan undir júlí mánuð. ~~Fundi slitið~~ Fundi slitið

Jón Guðmundsson — Jón Þórðarson — Jón Pétursson — H. St. Johnsen

H. Kr. Friðriksson

Ár 1859 laugardaginn 27. ágúst áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi nema H. St. Johnsen.

1 Var tekið til yfirvegunar um aðgjörð á Kirkjubrúnni og veginum sem nefnist Túngata upp fyrir hús Jens Sveinbjörnssonar, og kom fulltrúunum ásamt að láta þessari aðgjörð nú í sumar og haust til septbr loka verða framgengt, og verja til þess 25–30 rd.; aðgjörðin er þessi: Að ~~hlaða~~ [tekin] tvo steinveggi yfir þvera kirkjubrúna úr vönduðu grjóti, einn og á[l]agðan var af bæjarstjórninni fyrir 3 árum síðan, aðra miðja vega milli húss H. Kr. Friðrikssonar og kirkjugarðs hinn á ská frá garði Geirs Zoëga og norður fyrir landsuðurhorn Apothekisins; báðar veggirnar skulu hlaðnar úr einkar vönduðu grjóti; 2, að skála syðri hleðslu kirkjubrúarinnar á framan úr stóru og staðgóðu grjóti austur eptir framfyrir austurhorn á garði Zoëga; 3 að flytja burt moldina sem er fram með Leitnum garði og jafna rennuna í botninum aflíðandi austur eptir að opi hinnar nýju þverrennu hjá Apothekinu, 4 að jafna aflíðandi vestur eptir sömu rennu frá húsi H. Kr. Fr. vestur að hinni nýju þverrennu, og aptur austur eptir frá austurgafli húss sama þess austur að hinni nýju þverrennu milli kirkjunnar og hússins. 5 að bera ofan í alla kirkjubrúna úr skólavörðu grófinni eða annan jafn góðan ofaníburð, allt frá aðalstræti og austur að móts við ~~hina~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vestr~~hinu~~ götu Kirkjugarðar, svo mikið að hinni
kvartéli til 1½ kvartéli í miðju og Það upphá-
-an og ávalan hrygg yfir þvera brúna alla
vega. 6 að lagfæra alla hleðslu kirkjubrúar-
innar að norðanverðu - með því grjóti sem
þar er úrdottið, 7 að bera ofaní Tjarnargötu
1½ - 2 kvartél jafnan ávala yfir ~~hv~~ þvera alla
götuna ~~frá~~ neðan frá Lacróts húsi, og upphlaða
ytri tjarnrendurnar, 8 að hlaða tjarngötuna
upp alla að sunnanverðu (og bæta í grjóti
í þá hleðslu ef vantar

2 Ávísað úr bæjarsjóði
a. Olafi Einarssyni eptir bæjargjörð bakið Bakka-
-a húsi (auk aðr a vísaðra 10ᵈ milli funda) 10ᵈ
+ 6ᵈ fyrir klöppina.
b. Arna Bjarnasyni 7ᵈ 4β fyrir garðhleðslu og
snjómokstur
c. Þorláki Péturssyni fyrir vegaruðning 6ᵈ 4β
og sektar 2ᵈ sjer hann hefir látið á Skólabrúnni
ofaníburð, ofaní brúna hernaðar(?) ...
Öskuhlíð
3. Jóni Þórðarsyni falin umsjón bæjarins
í September þ. á. Fundi slitið

Guðmundsson Thjohnsen Jón Þórðarson, Jón Pétursson. MMhiðriksson

Ár 1859, þriðjudag 20. sept áttu fulltrúarnir
fund með sér og voru á fundi allir nema M. Johnsen og J. Pét.
1. Var lagt fram afskrift af bréfi danskra málagæð
ráðherrans 13. júli 1859, sendt með bréfi bæjar-
fógeta 30. þ. mán, áhrærandi ágreining þann er
varð milli fulltrúanna og oddvitans 1858 áhrær.
laugarnes kaupunum, og álit ráðherrans að Oddvit.
um hafi haft að rétta aðferð. o. s. fr.
2 Þrjár umkvartanir yfir bæjargjaldi frá (Sendar
með bréfi fógeta 30. þ. mán. a frá Sigurði Gunn-
-syni í Hólakoti, 29. júní, b frá Einari Magnús-
-syni í Skólabæ 30. júní, c frá Hans Jónssyni í
Fellsendarhúsum 11. júlí þ. á. - Fulltrúarnir komu
ásamt að svara á því leið að þeir þeim lögi

ástæðu til að setja niður bæjargjald hérenda
því síður sem þeir engar verulegar ástæður þar fyrir umkvörtun sinni og eins hann hafði
það sé uppborinn langt um seinan, ekki
fyr en gjaldlagi bæjar gjaldanna var kominn;
var undirtekið að bæta því inn í hlutaðeigandi Sig-
urð Gizurarson, að þar sem hann vegnaði
væri orðinn örsnauður skyldi tillit veitt
til þess hafa við verða niðurjöfnun.

3. Fulltrúi Jón Þórðarson kvaðst þess að Guð-
mundur Jóhannesson hefði boðið sér að hann væri
eigi ófús á að taka að sér umsjón vatnsbólanna
næsta ár frá sept. lokum þ. árs til
sept. loka 1860, fyrir 15rd; fulltrúarnir
komu saman um að samþykkja þetta, ef G. Jóhannes
Jóhannesson vildi fastgjöra það

4 Var þarfst lögreglusj. Bjarnasyni ávísaðir
3rd fyrir eldivið og ofnþvottum 2 undanfarin
ár

Fundi slitið

V. Guðmundsson [illegible] Jón Þórðarson HKr. Friðriksson

Ár 1859, miðvikudaginn 26 okt., áttu bæjarfull-
trúarnir fund með sér, og voru þeir allir fulltrúarnir
á fundi, nema skólakennari H. Kr. Friðriksson
þar að auki voru á fundinum, hinn setti bæjarfó-
geti hreppstjórinn í Seltjarnarnes hrepp Þórður Sig-
urðsson í Mýrarhúsum og fyr verandi hrepp-
stjóri Ásgeir Finnbogason á Lambastöðum, þar
ed aðaltilefni þessa fundar var bréf frá dóm-
kirkjuprestinum til bæjarstjórnarinnar og hrepp-
stjóranna í Seltjarnarnes hrepp. 25. þ. mán.
með 3 fylgiskjölum, hvarí hann skorar
á söfnuðinn í Reykjavíkur sókn um að ráða úr
þeim vandræðum sem nú horfi við útaf forsöngv-
araleysi í dómkirkjunni, hvar um hann hafði
snúið sér til stiptamtmannsins sem forstöðumanns
dómkirkjunnar, en orðið árangurslaust.

Fundurinn ræddi þetta mál um hríð,
og kom honum ásamt að svara dómkirkjupr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

prestinum á sjálf leit, að undirskrifaðir forstöðu-
menn beggja sveitanna í Reykjavíkur sókn,
verði að forðast, undan að skerast í þetta mál
þar þeir verði að álíta það ~~sveitar~~ sér sem sveitarstjórnarinnar óviðkomandi,
að þeir vísi að sóknarprestinum sjálfum, geti
Það sem hér á landi almennast tíðkast, standi
það næst að útvega forsaungvarann, kunni maður að ná til þess og að
honum mani innast eins hér sem annarstaðar;
og það því fremur sem hér veri veitt 20rd þóknun og
til forsaungvara, er en hittist, og virðist mega
svipta af Jóni skrifara umsjón, úr því kann þar
-ist undan að veita saungnum forstöðu, en vera
þeim er dómkirkjupresturinn geti unnið til að
taka að sér hvorttveggja bæði saungforstöðuna
og að svara prestinum; eins og var áður hér tíð
-arkin forsaungvara sæpti unda. Að öðru leyti undir
fundarmenn að telja vert að hér hver af meðlim
-um Safnaðarins sýni sig fúsan á að aðstoða sókn
-arprestinn á allan veg til þess að hann geti kom
-ið máli þessu í sem best horf og sem fljótast.

2. Var ávísað Guðmundi smið Jóhannessyni 2rd 4ß
~~til~~ fyrir járnsmíðar.

3 Lagðir fram ágrips reikningi gjaldkera fyrir júlí
-sept. 1859

4 Kaupmanni ~~H~~ Th Johnsen falin umsjón bygg-
-verka fyrir [illegible] novbr. — Fundi slitið

H E Johnsson Th Guðmundsson Th Johnsen Jón Þórðarson H. Thorgrímsen Jón Pétursson
TS Asgeir Finnbogason Jón Sigurðsson

Ár 1859, þriðjudaginn 22. novbr. áttu fulltrúarnir
fund með sér og voru allir á fundi, - því Th. kaupmaður
Johnsen andaðist í fyrradag.

Var því gjört að fundarefni

1. Kosning eins ~~af fulltr~~ úr flokki fulltrúanna, í
stað kaupmanns Th. Johnsens sál., til þess að verða
meðlimur fjárhagsnefndarinnar. Öllum fulltrú-
-unum kom ásamt að þessi kosning ætti að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo komna að vera að eins til bráðabyrgða.
til verstkomandi nýjárs, eða þar til að kosning
nýju fulltrúa væri afgengin. — Kaupmaður
M. St. Johnsen varð fyrir þeirri kosningu með
4 atkv. af 5.

2 Var því hreyft, hvort eigi væri nauðsynlegt að
gjöra einhverja tilraun til að koma skipulagi og
reglu á það næsta ár að færa alla ösku og annan
bæjar óþverra á vissa staði eða í grifjur framm á Mel-
unum, en ekki eins og verið hefir til þessa, ofan í
flæðarmál. Fulltrúunum kom ásamt að
hugsa þetta mál til næsta fundar og ~~og hugsa~~ hafa
tal af þeim sem líklegastir væru að takast slík
verk á hendur, fyrir hvað þeir mundu vilja gjöra
það.

3. Var tekið til umræðu öll vanskilin Jóns Þórðar-
sonar í Steinsholti á rennum bæjarins og hreins-
un þeirra í haust; var afráðið að byrja alvar-
lega fyrir Jóni sem fyrst, að ~~honum til~~ honum
yrði vikið frá þeim starfa ef hann ekki legði
fyllilega og vel af hendi hreinsun rennanna svo
fljótt sem færi gefist á.

4 Var framlagt bréf bæjarfógetans 2(8) þ. mán
hvar með er tilkynnt samþykki stiptamtsins
9. júlí þ. árs á að afhenda baðin er gjörðist á Stöðlakots-
skál hálfkotadunin 4. júní þ. árs

5 Áritað kaupmanni M. St. Johnsen eptir beiðn-
-ingi, fyrir hjálpinn bæjarverkanna verst með
4 rd.

6. Jón Guðmundsson tókst á hendur umsjón bæjar-
-verkanna til næstkomandi ársloka.

Fundi slitið

Jón Guðmundsson Jón Pétursson Jón Þórðarson ~~[illegible]~~ H. Kr. Friðriksson

Ár 1859 laugardag 3. des. br. áttu fulltrúarnir
fund með sér og voru allir á fundi.

1. Var tekið til umræðu áætlun frá fátækranefnd-
-inni yfir útgjöld þau er ~~hún~~ þyrfti úr bæjar-
-sjóði til framfæris handa ómögum og styrks
handa snauðum heimilum árið 1860

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessi áætlun var send með bréfi fógeta 28.
f. mán, og þurfti eptir henni til fátækra
 í áætlaðir
 alls
þarfa 948-72
en þar frá dragast áætlaðar tekjur 138-48
Eptir, til niðurjöfnunar = 810-24
þareð þetta er nál. 80 rd meira heldur en áætlað
var og niðurjafnað handa fátækum þetta
 sjálft ár,
hvar fulltrúinnum ásamt að rita bæjarfógetanum
að hann sleti til um, að bæjar fátækra sjóðs
reikningurinn fyrir f. ár verði gjörður af hendi
dánarbús Th. sál. Johnsens svo tímanlega að
að svo miklu leyti að fjárhagur sjóðsins verði
kunnur bæjarstjórninni fyrir næst áætlun bæjar
ins verði gjörð sem ætluð árs, en kann
að því hvað fátækra sjóðurinn eigi í sjóði, og
fyrir jafnframt nauðsynlegt, að bæjarstjórnin fái
skrá yfir hina þörfu ómaga bæjarins, með
lag þeirra og aldr. ?

2 Var gengið til kosningar, sem samkvæmt 9 gr. bæjar
reglug. á einn af fulltrúunum til að ganga í stjórn
stjórnina ásamt biskupi og bæjarfulltrúa og old
vita, til að undirbúa kjörgjöra og kosningar á
fulltrúa í byrjun næsta árs í stað Th. sál. John
sens, og var til þess kosinn skólakennari H. Kr.
Friðriksson.

3. Ávísað reikningum, 1º til Guðbr. Guðnasonar
40 ℞ fyrir aðgjörð á Skálarastíg, 2º Jónasi Helga
syni 7 ℞ 2 ϸ 11 ß, 3 Helga smiði Jónssyni 1 ℞ 5 ϸ 8 ß hvort
tveggja fyrir kennarann og smiði; 4 Helga
Einarssyni 80 ß fyrir hreinsun á Skálholtskots
lýsið.

4 Samþykkt að selja Guðbr. Guðnasyni bæjar herbergi
fyrir 16 rd og að hann hafi það uppi aðgjörð á
Skólavörðustígnum. Fundi slitið

J. Guðmundsson, Jón Pétursson, Jón Þórðarson ~~[illegible]~~ HKrFriðriksson

Ár 1859, miðvikudaginn 14. desbr áttu fulltrúarnir
fund með sér og voru allir á fundi
Var þá fyrst tekið til umræðu bréf bæjarfógetans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til Oddvita 7. þ. mán. á hverandi ~~fra~~ að fulltrú-
arnir segði álit sitt um hvort ~~full~~ þeir væri eigi sam-
-dóma fógetanum í því að fulltrúi kaupstaðarmanna
Jón Þórðarson ætti nú sem eldri fulltrúanna að
fara frá um árslokin. Það varð álit allra fulltrú-
anna um þetta efni að fallast á þetta álit bæjarfógetans
[illegible], og skýrði oddviti J. Þórðarsyni frá að hann
yrði að vera viðbúinn að taka sæti í kjörstjórninni
samkvæmt bæjarst. reglug. 9 gr.

Ávísað eptir fylgjandi reikningum
a. til Guðmundi [illegible] Jóhannessyni fyrir að-
-gjört á stokkir [illegible], 8 rd 48 s
b. " Jóni Þórðarsyni, eptirstöðvar frá f. á. fyrir
~~[illegible]~~ rennur og blaphögg 8 rd; og fyrir aðgjört
á rennu 48 s
c. Guðmundi [illegible] Geirssyni, fyrir [illegible]
[illegible] ~~[illegible]~~ í forföllum hans 5 rd

Fleira var eigi til umræðu, og var fundi svo slitið

J. Guðmundsson Jón Þórðarson Jón Pjetursson H. St. Johnsen H. Kr. Friðriksson

Ár 1860 laugardaginn 21. jan. áttu fulltrúarnir
fund með sér, af hinum eldri fulltrúum voru á fundi
Jón Guðmundsson, H. St. Johnsen og H. Kr. Friðriksson
assessor Jón Pjetursson hafði boðað forföll á að mæta,
þar að auki voru mættir þeir 2 nýju fulltrúar
er voru kosnir 12 og 13. þ. mán. samkvæmt bréfi
bæjarfógetans 16. þ. mán. nefnil. verzlunarfulltrúi A.
P. Wulff kosinn í stað sál. kaupmanns Th. John-
sens, til þeirra 4 ára er hann átti eptir að hafa
fulltrúa starfann á hendi, og Guðmundur tómthús-
-maður Þórðarson, er var kosinn í stað Jóns
Þórðarsonar frá Hákoti.

Þvínæst var gengið til kosningar á Oddvita
og hlutu þeir Jón Guðmundsson og Jón Pjetursson
2 atkvæði hver; af því Jón Pjetursson var eigi
á fundi, en þannig voru jöfn atkvæði, var
kosningunni frestað til næsta fundar.

Þá voru framlögð þessi bréf frá bæjar-
fógeta, auk hins fyr nefnda um kosningar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fulltrúanna frá 16. þ. má.
1. Um að verzlunarfulltrúi P. A. Wulff hefði fengið borgarabréf. —
2. — Um það að kaupmaður C. Kopp. hefði í bréfi 3. þ. mán. undirgengizt að hafa bæjargjaldkerastörfin á hendi einnig í ár.

Þess var ákveðið þóknun Þórðar Egni í Steinsholti fyrir blekbækur og vanmalræmsum ? fá ? frá ? ? f. árs
12. Guðmundur Þórðarson tókst á hendi umsjón með bæjarverkum fyrir febr. mánuð og það sem eptir er af þessum.

Samkvæmt því sem var ákveðið á fundi 22. nóvbr. f. árs var nú gengið til kosningar á einum úr flokki fulltrúanna til að verða meðlimur fátækranefndarinnar og varð fyrir þeirri kosningu, eins og fyr, kaupmaður M. M. Johnsen.

Þegar hér var komið fundi kom yfirdómari Jón Pjetursson, og greiddi atkvæði um oddvitann er það féll á hvorugan þeirra sem höfðu jöfn atkvæði; 4 fulltrúarnir urðu fyrir því, að aldr skyldi ráða og Jón Guðmundsson hlaut ? oddvitinn, en þeir M. Frederiksson og Wulff voru á því að hlutkesti ætti að skera úr, og áskildu sér, ef svo líkist, að bera spurs undir úrskurð æðra yfirvalds. — Þá var gengið til kosningar á varaoddvita og varð fyrir þeirri kosningu yfirdómari Jón Pjetursson með atkvæða fjölda. — Fundi slitið

Jón Guðmundsson Jon Pjetursson H. Johnsen M. Fridriksson

A. P. Wulff og Þórðarson

Ár 1860 mánudaginn 6. febr. áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi.
1 Var lagt fram bréf bæjarfógetans 21. f. mán. er birtir bréf amtsins 26. s. mán. hvar með yfirvaldið, eptir fyrirspurn þeirra hl. Kr. Fridrikssonar og P. A. Wulff, ? um gildi oddvita kosningarinnar 21. f. mán., — álítur að hlutkesti eigi að ráða í því efni en ekki aldr, nema þó að eins að öllum fulltrúunum komi það

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ásamt. Eptir nokkrar umræður kom full-
trúunum ásamt að láta hlutkesti að þessu
sinni skera úr því, hvor þeirra 2. Jóns Guð-
mundssonar og Jóns Péturssonar skyldi
vera Oddviti þ. á., og féll hlutkestið á Jón
Guðmundsson

2 Bréf bæjarfógetans 4. þ. mán. um að full-
trúarnir kjósi einn úr sínum flokki í byggingar-
nefndina, í stað Jóns Þórðarsonar í Hákoti
og var til þess valinn með atkvæða fjölda P.A.
Wulff.

3. Bréf bæjarf. 3. þ. mán., er tilkynnir, að stipt-
amtið 1. þ. mán. hafi samþykkt sáttina 1. des.
f. á. áhrærandi leigu eptir vatnsból bæjarins
á No 10 í Ingólfsbrekku; leigan er samkvæmt sáttinni 20 rd.

4 Ávísað fyrir mottur til að klæða vatnspóstana
(1 rd 24 sk) til verzlunar Havsteins.

5 Verzlunarfulltrúi P. A. Wulff framlagði
uppástungu frumvarp um betra fyrirkomu-
lag og tilhögun á móttökunni ~~hér~~ í Reykja-
víkur bæjar landi. — Uppástungumanni og
hinum öðrum fulltrúum kom ásamt, að
láta þessa uppástungu ganga á milli þeirra
til yfirlesturs og yfirvegunar hvað hún
yrði notað á mesta landi.

6 Hreppstj. M. Kr. Friðriksson uppástunga um
að fara þess á leit við stjórnina með næsta
póstskipsferð, að ~~börnin fái~~ Reykjavíkur bær
~~fái~~ sem einn parta af hinni fornu Kjalarnes
þingi, fái nú þegar einn hluta að tiltölu af
ágóða Thorkillii sjóðs; fulltrúarnir féllust
á þessa uppástungu, og var afráðið að undir-
búa málið sem fyrst; með því að oddvitinn
leitaði hjá amtinu og í skjalasafni ~~fulltrúa~~ bæ-
jarstjórnarinnar allra nauðsynlegra upplýs-
inga um málið, fjárhag sjóðsins o. fl. og þar með
með því að kjósa nú þegar 2 menn, — fyrir það urðu
Jón Guðmundsson og Jón Pétursson, til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þess að semja frumvarp til bréfs um málið til stjórnarinnar. –

7. Fulltrúinn komu ásamt eptir nokkrar umræður að ávarpa yfirumsjónarmann slökkvitólanna Einar prentara Þórðarson um, að þess að slökkvitólin hafi eigi verið reynd um langan tíma, að hann gangist fyrir að það verði gjört sem fyrst, og að hann [sjá] ~~at vari~~ gjöri bæjarfulltrúana aðvart að vera við staddir.

Fleira var eigi til umræðu að sinni, og fundi ~~slitið~~

J. Guðmundsson, Jón Pétursson. M. Fridriksson. A. P. Wulff
G Þórðarson

Ár ~~1859~~ [1860] miðvikudaginn 29. d. febr. mán. áttu fulltrúarnir fund með sér og voru allir á fundi nema skólakennari M. Kr. Friðriksson er afsakaði sig frá að koma með bréfi til oddvita dags. í dag;

1. Var tekin fyrir uppástunga A. P. Wulffs, sem fyr var framlögð, til þess að koma betri reglu á móttöku gegn á kvöðum eptirgjaldi; þessi uppástunga hefir nú gengið milli fulltrúanna til yfirvegunar, – eptir ósk M. Kr. Friðrikssonar í dagsettu bréfi hans og þó ei nokkur ágreiningur varð um uppástunguna, þá var málinu enn frestað til næsta fundar.

2. Bréf bæjarfógetans 16. þ. m. ásamt bréfi Consul [hefir milli fulltrúanna] M. Smith, 26. jan. þ. á. [árgjaldið], hvar með Smith færist undan ~~at~~ fyrir hans sonar sína, Boga Smiths að hann greiði ~~gjald~~ bæjargjald það er honum var gjört fyrir 1859, stingur því bæjarfógetinn uppá að gjaldið verði eptir gefið; fulltrúarnir komu ásamt að svara, að þeir eigi fundi ástæðu til að eptirgefa þetta – þar þessi niðurjöfnun hefði verið auglýst á venjulegan hátt með nógum fyrirvara en eigi kært í tíma, þareð sú lynja gjald á handvömm seeing ~~tefur~~ aðri orðið hér að gamalli og fastri venju o. s. frv.

3. Bréf bæjarfógeta 16. þ. mán. ásamt bréfi leigjenda Melshúsatúnanna, etazráð Jónassens 5. þ. mán. og útmæl. gjörð 27. apr. 1858, — og hafa skjöl þessi gengið milli fulltrúanna til yfirlesturs. Jónassen fer þar fram á að fá linun ~~á~~ í eptirgjaldinu eptir Melshúsatún og Ullarstofu partinn

a. sakir Kálgarðs þess er er hafi verið útmældr Dr. Hjaltalín,

b. sakir spildu þeirrar er Egli bókbindara Jónssyni ~~sé~~ hafi verið útmæld í fyrra, fyrir ofan hús hans,

c sakir skemda á skólaflötinni, ~~og~~ fyrir það sem skólabörnin gjöra er skemst árlega og fyrir skemdir á girðingunum nyrst sunnar

Bæjarfulltrúunum kom ásamt að svara á þá leið, að ad litr. a. að þetta yrði að vera privat málefni milli leigjenda túnanna og Dr. Hjaltalíns ~~og~~ samkvæmt því, sem frá upphafi var haft í skilyrði þegar Dr. Hjaltalín var útmælt, að b. að í þeirri notkun vildi þeir láta að eptirgjaldið ~~leiganna~~ ~~væri~~ verð 1 rd fyrir 1859 og hið sama árlega ámeðan leigutíminn stendr, að c að ~~endr~~ bæta honum hinar á töldu skemdir á girðingunum nyrst sunnar ~~með~~ 4 rd, ásamt skuldbindingu sem að bæjarins muni sjái um ~~láti~~ ~~að sér~~ framvegis í svo lengi hann á eigi ~~að~~ ~~menguð~~ að gryfjurnar ~~svo~~ að engum á gang leiði af á túnið

4. Seinni hluti af bréfi bæjarfógetans Nr 2 viðvíkjandi eptirgjöf á bæjargjaldi Matthíasar sál. Matthíassonar faktors fulltrúunum kom saman um, sakir hins sérstaklega bágborna ástands ekkjunnar, að eptirgefa ~~að sinni leyti~~ hið bæjargjald, sem var 6 rd fyrir 1859.

5 Var Jóni Þórðarsyni í Steinsholti á[illegible] uppi nemur og klukkan 10 í þessu máli, frammi fyrir fulltrúunum ~~unnan~~ eigi ástæða til að á vísa re Reikningi hans frá 27. þ. mán. fyrir ~~[illegible]~~ að gjört á kostnaðinn frá 1. júlí til 1. sept. þ. árs, hvað þeirri se ógelt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í hverju þau verk séu fólgin.

6. Factor, Wulff tók að sér umsjón bæjarverkanna sinna fyrst til næsta fundar.

7 Var afráðið að byrja með jöfnun á bæjarvinnu ~~næstkomandi ár~~ fyrir yfirstandandi ár næstkomandi mánudag 5 marz kl 4.

8. Var afráðið, ~~að~~ samkvæmt ósk fátækranefndarinnar gegnum H. St. Johnsen, ~~að beiðni bæjarfógetans~~ ~~hlutast til um að fulltrúi bæjarfulltrúanna sem sá er verði meðlimur fátækranefndarinnar að samkvæmt skyldum sínum íslenzku lögum í bæjarstjórnartilsk. 18. gr.~~ og beinum fyrirmælum fyrir hluta 18 gr., að velja hinn 3. meðlim ~~til~~ í fátækranefndina; og varð fyrir því kosningu bæjarfulltrúi Guðm. Þórðarson.

9. Var afráðið að hafa reglulega fundi ~~á~~ annanhvern mánudag kl 5 e.m. þegar nokkur málefni gjörði fundi svo opt nauðsynlega.

10. Meiri hluti fulltrúanna afréði að skora á stiptamtmanninn um að opna nú þau fyrst ~~þau~~ skjöl, þau er geymd séu í skjalasafni stiptamtsins, innsigluð frá sál. stiptamtmanni Krieger, þar sem það sé í alræmdi að þau skjöl ætti að opna að 20 árum liðnum, dó [illegible] sem komin á vorðum sjálfs hans framliðna.

11. Uppástunga yfirdómara Jóns Péturssonar um að flytja skakalsgápinn, þaðan sem hann er nú á bæjarþingstofunni var felld; þar á móti var afráðið að biðja bæjarfógetann hlutast til um á kostnað Polití sjóðsins að búa til 2 hentuga auglýsinga skápa, og hafa annan í bæjarþingsstofunni en annan á norðanverðum sölugarðinum milli ~~[illegible]~~ [illegible] verzlunarstöð kaupmanns gjörði P. C. Knudtzon, [illegible] factor Wulff gefa leyfi að þeim leyfi.

Fundi slitið.

G. Guðmundsson Jón Pétursson H St Johnsen A P Wulff G Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur